


skoðun 14

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Fólk







N1 blaðið
fylgir Fréttablaðinu
í dag

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
16. október 2012
243. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012



## Fór á söguslóðir

*Ásgeir Trausti heimsótti heimili goðsins síns, Kurts Cobain, í Seattle.*

**tónlist** 34

## Svigrúmið verður meira

*Borko er fluttur á Drangsnes þar sem hann verður eini kennarinn.*

**fólk** 32



## Hættulegur leikur

*Leikmenn og þjálfari Sviss búast við erfiðari leik gegn Íslandi en gegn Noregi.*

**sport** 30

## veðrið í dag




**KÓLNAR Í VEÐRI** í dag má búast við hægum norðlægum áttum en það verður strekkingur við SA-ströndina. Léttskýjað SV- og V-til en annars fremur skýjað en úrkomulítið að mestu. Hlýjast allra syðst.

**VEÐUR** 4



**VILJA VINNA ALLA LEIKI** Íslensku landsliðsstrákarnir í fótbolta eru fullir sjálfstrausts eftir sigurinn á Albaníu um síðustu helgi. Þeir mæta sterku liði Sviss á Laugardalsvelli í kvöld og hefst leikurinn klukkan 18.30. Hér sjást Gylfi Þór Sigurðsson og félagar á æfingu í gær.

**Sjá síðu 30**

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Varnir vegna Kötluhlaups of veigalitlar

**Ari Trausti Guðmundsson jarðvísindamaður vill að varnargarður sem á að verja þorpið í Vík gegn hlaupi úr Kötlu verði styrktur. Sveitarstjóri segir varnaðarorðin tilefni til athugunar á mögulegri hættu.**

**ÖRYGGISMÁL** Það þolir enga bið að hækka og styrkja flóðvarnargarð sem liggur þvert á þjóðveginn austan Víkur í Mýrdal við Múlakvísl. Garðurinn á að varna því að hlaupvatn frá Mýrdalsjökli nái að þorpinu í Vík í kjölfar Kötlugoss.

Þetta er álit Ara Trausta Guðmundssonar jarðvísindamanns, sem í grein í Morgunblaðinu í gær, undir fyrirsögninni Ef Katla gýs, vekur athygli á aðsteðjandi hættu falli flóð í kjölfar Kötlugoss niður Mýrdalssand, eins og tuttugu síðustu flóð hafa gert.

Ari Trausti segir í grein sinni að garðurinn við Múlakvísl sé til muna of lágur miðað við upplýsingar um magn og dýpt Kötluhlaupa. „[…] fari vatn og eðja yfir garðinn í miklum mæli er illt í efni,“ skrifar Ari Trausti.

Í viðtali við Fréttablaðið segir Ari Trausti að hann hafi bent á það áður að varnargarðurinn sé of veigalítill. Nú hafi hann ákveðið að gera það opinberlega til að reyna að hreyfa við hlutum.

Ari Trausti útskýrir að flóðbylgjan frá Kötlu sé fimm til sjö metrar á hæð en þá sé ekki allt talið. „Í henni er gríðarlegur skriðþungi þó hún fari ekki hratt yfir. Ef við yfirfærum lauslega þau gögn sem fyrir liggja úr flóðamódelum fyrir Markarfljótsaura yfir á Mýrdalssand þá held ég að það sé ljóst að þessi varnargarður heldur því ekki. Þó að flóðið færi ekki fyrsta kastið yfir garðinn þá myndi það éta hann upp mjög fljótt. Rofmáttur flóðavatnsins, sem er í raun eðjuflóð, er einfaldlega svo gríðarlegur og vörnin framan á garðinum of lítil og veik.“

Ari Trausti segir að töluvert löng



> Ég tel verulegar líkur á því að hluti af neðri byggðinni í Vík gæti farið illa, ef ekki er farið yfir málið.
>
> **ARI TRAUSTI GUÐMUNDSSON**
> JARÐVÍSINDAMAÐUR

leið sé frá varnargarðinum og að þorpinu í Vík en „ég tel verulegar líkur á því að hluti af neðri byggðinni í Vík gæti farið illa, ef ekki er farið yfir málið.“

Ásgeir Magnússon, sveitarstjóri Mýrdalshrepps, segist kunnugur þessu áliti manna á varnargarðinum. Almannavarnanefndin á svæðinu hafi fjallað um þennan tiltekna varnargarð síðastliðinn vetur og hvort nauðsynlegt þætti að styrkja hann. „Það var niðurstaða nefndarinnar, eða þeirra sérfræðinga sem var leitað til, að ástæðulaust væri til athafna þarna á þessum stað. En núna þegar Ari Trausti setur fram þessa kenningu þá finnst mér ástæða til að spyrja aftur. Ég mun því í framhaldi af þessu skoða þetta á nýjan leik,“ segir Ásgeir.

Ari Trausti telur ástæðu til að sérstök úttekt á sviði verkfræði verði gerð, jafnvel í samvinnu með almannavörnum. Eins segir hann að þegar hugað verði að heildarflóðavörnum vegna Kötlu þá þurfi að gera miklu meira en að laga þennan eina garð. Það sé hins vegar nærtækt að gera það strax þar sem um fremur litla og einfalda framkvæmd sé að ræða. **- shá**




**HLAUPTU DRENGUR HLAUPTU**

**Meðan þú sprettir úr spori þá sprettur svitinn fram. Taktu hressilega á því án þess að hafa áhyggjur. Maður verður að ná andanum.**

Forsvarsmenn samfélagsteymis segja fordóma gagnvart geðsjúkum leynast víða:

# Færri leggjast inn á geðdeildir

**HEILBRIGÐISMÁL** Innlögnum á geðdeildir hefur fækkað og tími inni á stofnunum styst hjá skjólstæðingum samfélagsteymis Landspítalans eftir að það tók til starfa.

Teymið var sett á laggirnar sem tilraunaverkefni fyrir rúmlega tveimur árum, en hefur nú verið framlengt vegna góðs árangurs. Forsvarsmenn teymisins segja skorta samvinnu milli sveitarfélaganna og heilbrigðiskerfisins. Fordómar gagnvart geðsjúkum leynast víða í samfélaginu.

„Fordómar eru alls staðar; bæði innan sem utan heilbrigðis- og félagslega kerfisins,“ segir Magnús Haraldsson geðlæknir.

Guðbjörg Sveinsdóttir teymisstjóri segir fáfræði einkenna umræðuna um geðheilbrigðismál í samfélaginu. Starfsmenn innan málaflokksins verði að taka sig á og miðla reynslu sinni, en margir hverjir hafa unnið innan kerfisins í tugi ára. **- sv / sjá síðu 10**






**SPURNING DAGSINS**



*Steinar, bíða bændur með öndina í hálsinum?*

„Já, en við skulum vona að þeir geti varpað öndinni léttar fyrr en seinna.“

Steinar Rafn Beck Baldursson er sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun. Fréttablaðið fjallaði í gær um það að stofnunin hefði til skoðunar hvernig bregðast mætti við ágangi andfugla á ræktarland bænda.

Íslenskt fyrirtæki í viðræðum við stærsta skipafélag Kína um samstarf:

# Marorka fundaði með Cosco Group

**VIÐSKIPTI** Íslensk sendinefnd skipuð fulltrúum úr utanríkisþjónustunni og starfsmönnum Marorku fundaði í síðustu viku með stjórnendum kínverska skipafélagsins Cosco Group. Á fundinum var rætt samstarf milli Marorku og Cosco sem er eitt stærsta skipafélag heims.

Fundurinn fór fram þann 11. október síðastliðinn í höfuðstöðvum Cosco í Peking í Kína. Þau dr. Jón Ágúst Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Marorku, og Kristín Árnadóttir, sendiherra Íslands í Kína, leiddu íslensku sendinefndina en Wei Jiafu, stjórnarformaður Cosco, tók á móti þeim.

Marorka fagnaði fyrr á þessu ári tíu ára starfsafmæli fyrirtækisins en helsta vara þess er orkustjórnunarkerfi í skip sem byggir á doktorsverkefni Jóns Ágústs. Fyrirtækið hefur á undanförnum árum sett upp kerfi sitt í á þriðja hundrað skipa en það hefur vaxið hratt á síðustu misserum.

Cosco er stærsta skipafélag Kína og hið sjötta stærsta í heimi sé tekið mið af fjölda flutningaskipa. Á það ríflega 130 skip. **- mþl**



**FLUTNINGASKIP** Marorka hefur þróað orkustjórnunarkerfi fyrir skip sem getur sparað rekstraraðilum skipa umtalsverða fjármuni. Kerfið hefur þegar verið innleitt í á þriðja hundrað skipa, þar á meðal skipum Eimskips. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fékk fjögurra mánaða dóm:

## Braust inn í apótek og hús

**DÓMSTÓLAR** Þrjátíu og tveggja ára síbrotamaður var í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi og sviptur ökurétti í tvö ár.

Maðurinn játaði brot sín, en meðal þess sem hann var ákærður fyrir voru innbrot í apótek, og innbrot í íbúðarhús í Reykjavík. Þá var hann ákærður fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna, auk þess að hafa ekki haft ökuréttindi. Með brotum sínum rauf maðurinn skilorð, en honum var sleppt úr fangelsi í október í fyrra. **- óká**

Fjölskylda hætt komin:

## Vöknuðu við eld í eldhúsinu

**BRUNI** Fjögurra manna fjölskylda slapp heil á húfi út úr viðarhúsi í Keflavík í fyrrinótt eftir að eldur braust út. Eldurinn kviknaði í kompu, eða búri, inn af eldhúsi hússins og vaknaði heimilisfólk við snark í eldinum. Áttaði það sig fljótt á því að kompan var alelda en tókst að slökkva eldinn að mestu með slökkvitæki.

Mikill reykur myndaðist í húsinu og þurfti slökkvilið að reykræsta það þegar búið var að slökkva allar glæður. Áður höfðu lögreglumenn, sem voru fyrstir á vettvang, bjargað heimilishundinum úr reykjarkófinu.

Eldsupptök eru talin hafa orðið í raftæki í kompunni, en málið verður rannsakað nánar. **- mþl**

Enn eitt met Baumgartners:

## Aldrei fleiri horft í einu

**BANDARÍKIN Meira en átta milljónir manna horfðu á fallhlífastökkvarann Felix Baumgartner í beinni útsendingu á Youtube á sunnudag, þegar hann stökk til jarðar úr 39 kílómetra hæð.**



FELIX BAUMGARTNER

**Aldrei hafa fleiri horft á beina útsendingu á Youtube í einu. Þar með bætist í heimsmetasafn Baumgartners sem setti heimsmet með því að rjúfa hljóðmúrinn fyrstur manna og sló heimsmet í hraða í frjálsu falli, hæstu hæð sem maður hefur farið í loftbelg og hæstu hæð sem maður hefur stokkið úr.**

**„Ég fann að heimurinn var að fylgjast með,“ sagði Baumgartner eftir stökkið. „Ég sagði að ég vildi að fólkið gæti séð það sem ég sá. Þetta var ótrúlegt.“ - þeb**

# 60 íslenskir hönnuðir sameinast í 17-húsinu

**Vörur 60 íslenskra hönnuða verða til sölu í ATMO, nýrri verslun í gamla Sautjánhúsinu á Laugaveginum. Nokkrum hönnunarverslunum verður samtímis lokað. Rekstur í kjallara í samstarfi við Rauða krossinn. Gló með veitingar í húsinu.**

**VIÐSKIPTI** Eftir einn mánuð, eða þann 15. nóvember næstkomandi, færist líf í efri hluta Laugavegarins. Þá verður opnuð verslun í húsnæðinu þar sem verslunin Sautján var áður en það hefur staðið autt í næstum tvö ár.

„Þetta verður stærsta tísku- og hönnunarhús sinnar tegundar því að þarna verða til sölu vörur 60 íslenskra hönnuða,“ segir Ásta Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri ATMO, sem verður nafn verslunarinnar.



ÁSTA KRISTJÁNSDÓTTIR

Að mati Ástu var löngu orðið tímabært að koma upp slíkri verslun. „Það er oft þungur rekstur fyrir hönnuð að reka verslun og sjá jafnframt um hönnun og framleiðslu,“ segir hún.

Spurð að því hvort einhverjum hönnunarverslunum verði lokað vegna opnunar ATMO segir hún svo vera. „Nokkrum sem flytja inn í ATMO verður lokað samtímis, til dæmis Nikita og Munda. Við sjáum svo hvernig þetta þróast. Það eru margir með rekstur á tveimur stöðum.“

Ásta segir markmið ATMO vera að auðvelda aðgang að íslenskri hönnun og auka veg hennar og virðingu. „Við erum að byggja upp þennan bransa. Hugmyndir eru uppi um að vera með sérstakt sýningarherbergi, sem á ensku er kallað „show room“, fyrir erlenda kaupendur og jafnvel námskeið og ýmislegt sem snýr að hönnun til að styrkja greinina í heild sinni.“

Í ATMO verður hægt að kaupa fatnað, skó, snyrtivörur og gjafavörur svo eitthvað sé nefnt, allt hannað af Íslendingum. „Í kjallaranum verður svo skiptimarkaður hönnunarfatnaðar og second hand-fatnaður, gömul húsgögn og gjafavara. Reksturinn þar verður í samstarfi við Rauða krossinn og hagnaðinum verður varið til að styrkja gott málefni,“ greinir Ásta frá.

Veitingarekstur verður á tveimur stöðum í húsnæðinu, sem er alls þrjú þúsund fermetrar og á þremur hæðum. „Veitingastaðurinn Gló verður með veitingar í ATMO. Okkur finnst það mjög spennandi því að Solla í Gló er heimsmeistari í hráfæði.“

Að ATMO standa auk Ástu, sem er stofnandi Eskimo, Reykjavík Fashion Festival og E-Label, nokkrir aðilar sem hafa mikla reynslu af rekstri, markaðssetningu, sölu og framleiðslu á íslenskri hönnun. Meðal þeirra er Bolli Kristinsson, stofnandi Sautján og eigandi húsnæðisins.

**ibs@frettabladid.is**




**ATMO** Þann 15. nóvember næstkomandi verður ATMO opnað með pompi og prakt í gamla Sautján húsinu.

Sprotafyrirtæki vekur athygli:

## Remake Electric verðlaunað

**VIÐSKIPTI Íslenska sprotafyrirtækið Remake Electric var valið besti fjárfestingakosturinn í evrópska orkutækjageiranum á árlegri verðlaunaafhendingu markaðsráðgjafarfyrirtækisins Frost & Sullivan á dögunum.**

**Við veitingu verðlaunanna er tekið mið af gæðum vara fyrirtækja, markaðs- og vaxtarmöguleikum þeirra og rekstrarstjórnun.**

**Remake Electric hannar, framleiðir og markaðssetur mæli- og tölvubúnað fyrir eftirlit með raforkunotkun. Vörur fyrirtækisins eru hannaðar til að ná fram sparnaði og betri nýtingu á raforku. - mþl**

Dæmdur fyrir VSK-vanskil:

## Greiðir 25,5 milljónir í sekt

**DÓMSTÓLAR** Íslendingur á fimmtugsaldri með lögheimili í Litháen hefur verið dæmdur í hálfs árs fangelsi og til greiðslu 25,5 milljóna króna sektar fyrir virðisaukaskattsvik árin 2005 til 2008.

Dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Fangelsisrefsingin er skilorðsbundin í tvö ár. Sektin nemur þrefaldri fjárhæð VSK-vanskila mannsins.

„Ákærði er í máli þessu sakfelldur fyrir meiriháttar brot gegn lögum um virðisaukaskatt og bókhald. Hann hefur játað brot sín greiðlega og er það virt honum til málsbóta,“ segir í dómnum. **- óká**

**STJÓRNMÁL**

**Ragnheiður Elín fram á ný**

Ragnheiður Elín Árnadóttir þingmaður gefur kost á sér til áframhaldandi setu á Alþingi. Ragnheiður Elín er oddviti Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi og sækist hún eftir því að leiða áfram lista flokksins í kjördæminu.




Ríkisendurskoðandi tínir margt til sem skýrir tafir á skýrslu um Oracle-kerfið:

# Taldi skýrsluna sögulegt plagg

**STJÓRNSÝSLA** Sífelldar breytingar á mannhaldi, aðkallandi verkefni eftir hrunið 2008 og að lokum vangaveltur um hvort of langur tími væri liðinn frá því að kerfið var keypt er meðal þess sem olli drættinum á úttekt Ríkisendurskoðunar á Oracle-kerfinu svonefnda. Þetta kemur fram í minnisblaði Ríkisendurskoðanda sem rætt var í forsætisnefnd Alþingis í gær.

Í minnisblaðinu rekur ríkisendurskoðandi, Sveinn Arason, ferlið allt og skýrir hinn mikla drátt á úttektinni á kaupum ríkisins á fjárhags- og mannauðskerfi (Oracle) á árinu 2001.

Í minnisblaðinu segir að óskað hafi verið eftir úttektinni árið 2004 en vegna mannfæðar hafi það meðal annars tafist, en í minnisblaðinu segir að ríkisendurskoðandi taldi að skýrslan um undirbúning og innleiðingu Oracle yrði aðeins sögulegt plagg.

Í ársskýrslu Ríkisendurskoðunar árið 2007, sem dreift var á Alþingi, var fjallað um skýrsluna og útgáfa hennar boðuð á fyrri hluta árs 2008, segir í minnisblaðinu.

Ríkisendurskoðandi telur það því bersýnilega bæði rangt og ósanngjarnt að fullyrða að stofnunin hafi á einhvern hátt reynt að leyna því að unnið væri að skýrslu um verkefnið, segir í minnisblaði Ríkisendurskoðanda.



**RÍKISENDURSKOÐANDI** Sveinn Arason tiltekur fjölmargar ástæður tafar á skýrsluskilum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nú hefur stjórnsýslusviði Ríkisendurskoðunar verið falið að klára skýrsluna. **- bbi / shá**

toyotakauptuni.is

# Komdu í Kauptún og veldu þér betri notaðan bíl




**Toyota Aygo**
1000 Bensín, 5 gíra
Á götuna: 03.11 Ekinn 18.000 km
Verð: 1.690.000 Raðnr.: 998789




**Toyota Yaris Terra**
1000 Bensín, 5 gíra
Á götuna: 05.11 Ekinn: 50.000 km
Verð: 1.950.000 Raðnr.: 998787




**Toyota Auris Terra**
1330 Bensín, 6 gíra
Á götuna: 09.11 Ekinn: 10.000 km
Verð: 2.900.000 Raðnr.: 998784




**Toyota Auris Luxury MM**
1600 Bensín, 5 gíra MM
Á götuna: 02.09 Ekinn 30.000 km
Verð: 2.650.000 Raðnr.: 998748




**Toyota Corolla Sol**
1600 Bensín, 5 gíra
Á götuna: 06.09 Ekinn: 47.000 km
Verð: 2.550.000 Raðnr.: 998244




**Toyota Verso Terra**
1600 Bensín, 6 Gíra
Á götuna: 06.10 Ekinn: 47.000 km
Verð: 3.000.000 kr. Raðnr.: 998514




**Toyota Avensis Sol**
1800 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 06.10 Ekinn: 42.000 km
Verð: 3.600.000 kr. Raðnr.: 998638




**Toyota Avensis W/G Sol**
1800 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 06/09 Ekinn: 54.000 km
Verð: 3.150.000 kr. Raðnr. 998497




**Toyota RAV4 GX**
2000 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 06.10 Ekinn 50.000 km
Verð: 4.200.000 Raðnr.: 998654




**Toyota Land Cruiser 120 VX**
4000 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 05.07 Ekinn: 71.000 km
Verð: 5.300.000 Raðnr.: 998723




**Toyota Land Cruiser 120 VX**
3000 Dísel, sjálfsk.
Á götuna: 10.06 Ekinn: 70.000 km
Verð: 5.190.000 Raðnr.: 998780




**Toyota Land Cruiser 120 VX**
4000 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 07.09 Ekinn 86.000 km
Verð: 7.290.000 Raðnr.: 998742




**Toyota Land Cruiser 100 VX**
4700 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 03.06 Ekinn: 151.000 km
Verð: 4.900.000 Raðnr.: 998394




**Toyota Land Cruiser 150 GX**
3000 Dísel, sjálfsk.
Á götuna: 03.12 Ekinn: 27.000 km
Verð: 9.320.000 kr. Raðnr.: 998778




**Toyota Land Cruiser 150 VX**
3000 Dísel, sjálfsk.
Á götuna: 03.12 Ekinn: 27.000 km
Verð: 11.120.000 kr. Raðnr.: 998790




**Toyota Land Cruiser 200**
4500 Dísel, sjálfsk
Á götuna: 01/08 Ekinn: 111.000 km
Verð: 9.650.000 kr. Raðnr.: 998681

1ár – Lágmarks-ábyrgðartími
% – Lánshlutfall
5,2 lítrar – Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri
$CO_2$ 120g – Útblástur $CO_2$ gr.
P – Umhverfisvænn bíll Frítt í stæði í Rvk.

*Farðu á **www.toyotakauptuni.is** og fáðu nánari upplýsingar um bílana með því að skrá raðnúmer í leit.

ergo
Reiknaðu með okkur

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Sími: 570-5070
Opið mán-fös kl. 07.45-18.00 - lau kl. 10.00 - 16.00
info@toyota.is

**Betri** notaðir bílar

TOYOTA

## GENGIÐ 15.10.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,69 | 123,27 |
| Sterlingspund | 197 | 197,96 |
| Evra | 158,96 | 159,84 |
| Dönsk króna | 21,307 | 21,431 |
| Norsk króna | 21,451 | 21,577 |
| Sænsk króna | 18,359 | 18,467 |
| Japanskt jen | 1,5577 | 1,5669 |
| SDR | 188,86 | 189,98 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
219,7047

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Komist var að sögulegu samkomulagi um þjóðaratkvæðagreiðslu í Edinborg í gær:

# Skotar fá að kjósa um sjálfstæði 2014

**BRETLAND, AP** Forsætisráðherra Bretlands, David Cameron, og æðsti ráðherra Skotlands, Alex Salmond, hafa skrifað undir samkomulag um þjóðaratkvæðagreiðslu um sjálfstæði Skotlands.

Samkomulagið var undirritað í Edinborg í gær en samningaviðræður hafa staðið yfir mánuðum saman. Samkvæmt því munu Skotar fá að kjósa um það hvort Skotland eigi að verða sjálfstætt ríki eða ekki.

Þjóðaratkvæðagreiðslan mun fara fram haustið 2014.

Bresk stjórnvöld munu veita skoska þinginu völd til þess að halda þjóðaratkvæðagreiðsluna, en breska ríkisstjórnin ber ábyrgð á stjórnskipunarmálum.

Breska ríkisstjórnin og ríkisstjórn Skota munu þurfa að vinna saman með bestu hagsmuni almennings í Skotlandi í huga, sama hver niðurstaða kosninganna verður, að því er segir í samkomulaginu.

David Cameron sagði við fréttamenn í gær að hans meginmarkmið væri að halda Bretlandi sameinuðu.

„Ég hef alltaf viljað sýna skoskum almenningi virðingu. Almenningur kaus flokk sem vildi halda þjóðaratkvæðagreiðslu, ég hef gert það mögulegt og séð til þess að kosningarnar verði löglegar og sanngjarnar,“ sagði hann.

Hann sagðist vera sannfærður um að betra sé fyrir Skota að vera áfram hluti af Bretlandi, en jafnframt að það væri betra fyrir Bretland í heild.

Alex Salmond sagðist hins vegar fullviss um að Skotar myndu kjósa að verða sjálfstætt ríki. **- þeb**



**RÁÐHERRARNIR** Salmond og Cameron eftir að samkomulagið um þjóðaratkvæðagreiðslu var undirritað í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Tíu myndbönd á netinu

**Kennsluefni Landlæknisembættisins:**

1. Inngangur fyrir æfingar
2. Axlaæfingar
3. Afturtog með æfingateygju
4. Armbeygjur
5. Tvíhöfðaæfing með æfingateygju
6. Kviðæfingar
7. Bakæfingar
8. Mjaðmaæfingar
9. Hnébeygja
10. Framstig
11. Kálfaæfingar

Vísar á ókeypis kennsluefni:

# Æfingar í boði landlæknis

**HEILBRIGÐISMÁL** Embætti landlæknis hefur látið gera kennslumyndbönd sem leiðbeina um rétta framkvæmd styrk- og teygjuæfinga fyrir helstu vöðvahópa líkamans.

„Um er að ræða 10 styrkæfingar og 10 teygjuæfingar fyrir samsvarandi vöðvahópa ásamt inngangsmyndbandi,“ segir á vef embættisins, www.landlaeknir.is. Á vefnum er að finna hlekki á kennslumyndböndin á myndbandavefnum Youtube.com.

Allir eiga að geta gert æfingarnar án mikils aukabúnaðar eða tilkostnaðar. **- óká**

## LEIÐRÉTT

Þóra Karítas Árnadóttir var ranglega sögð kynningar- og markaðsstjóri Íslensku óperunnar í blaðinu á laugardag. Hið rétta er að Inga María Leifsdóttir er kynningar- og markaðsstjóri Óperunnar en Þóra Karítas hefur verið þar í hlutastarfi í tengslum við frumsýninguna á Il Trovatore. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

Ranghermt var í laugardagsblaðinu að fitnessdrottningin Ingrid Romero, sem er væntanleg til landsins til að taka þátt í Fitness Expó í nóvember, leiki í fjórðu þáttaröðinni af True Blood.

# Treystir að Al Thani-málið fari sömu leið

**Breska efnahagsbrotalögreglan hættir rannsókn á Kaupþingi. Sigurður Einarsson segir málið hafa byggst á endemis þvælu og skáldskap sem sérstakur saksóknari hafi matað Bretana á. Hann er sakborningur í allnokkrum málum hér heima.**

**DÓMSMÁL** Breska efnahagsbrotalögreglan, Serious Fraud Office (SFO), hefur hætt rannsókn á málefnum Kaupþings. Þar með er Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður bankans, ekki lengur í sigti hennar. Áður hafði rannsókn á þætti nokkurra annarra fyrrverandi starfsmanna Kaupþings og bræðrunum Vincent og Robert Tchenguiz verið látin niður falla.

„Ég fagna því að þessi niðurstaða sé loksins komin en það sem veldur vonbrigðum er hvað þetta hefur tekið langan tíma,“ segir Sigurður Einarsson í samtali við Fréttablaðið.

Málið hófst með húsleitum og handtökum í London og á Íslandi í mars í fyrra. 135 tóku þátt í aðgerðunum og níu voru handteknir. Til rannsóknar voru lánveitingar Kaupþings til Tchenguiz-bræðra.

Sigurður segir að þau gögn sem hann hafi séð um rannsóknina og snúi að honum hafi verið „þvílík endemis þvæla og skáldskapur“. „Ég tel útilokað annað en að þær upplýsingar hafi að miklu leyti komið frá embætti sérstaks saksóknara á Íslandi,“ bætir hann við.

Sigurður er einn þeirra sem nú sæta ákæru sérstaks saksóknara fyrir umboðssvik og markaðsmisnotkun í svokölluðu Al Thani-máli. Málið snýst um meint svik og blekkingar þegar katörskum sjeik og Ólafi Ólafssyni voru lánaðir um 30 milljarðar skömmu fyrir bankahrun.

„Þær ávirðingar eru jafninnantómar og þær sem SFO hefur núna látið niður falla,“ segir Sigurður. „Ég treysti að það sé stutt í að sérstakur saksóknari sjái sóma sinn í því – eins og SFO hefur gert – að falla frá rannsókn sinni.“

Í greinargerð Sigurðar vegna Al Thani-málsins, sem lögð var fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur fyrr í mánuðinum, segir að „allnokkur mál“ séu til rannsóknar hjá sérstökum saksóknara þar sem Sigurður hafi réttarstöðu sakbornings.

Spurður hvort hann eigi von á að þær rannsóknir leiði til ákæru segist Sigurður ekki telja að svo verði. „Ég á ekki von á því, en það er erfitt fyrir mig að tjá mig um það því að ég er ekki búinn að sjá neinar niðurstöður um það hjá saksóknaranum.“ **stigur@frettabladid.is**




**KAUPÞING** Rannsókn SFO snerist um lánveitingar Kaupþings til Tchenguiz-bræðra. Embættið hefur þurft að biðja Vincent Tchenguiz afsökunar á aðferðum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ÓSÁTTUR** Sigurður fagnar niðurstöðunni en er vonsvikinn með hversu langan tíma tók að komast að henni.

## Mannfjöldaþróun

**Breytingar á þriðja ársfjórðungi 2012**

| | |
|---|---|
| Heildarfjöldi | 320.660 |
| – karlar | 160.870 |
| – konur | 159.790 |
| Fjölgun | 500 |
| Fæddir | 1.230 |
| Dánir | 470 |
| Aðfluttir | 1.980 |
| Brottfluttir | 2.260 |

*Heimild: Hagstofa Íslands*

Karlar 1.080 fleiri en konur:

# Landsmönnum fjölgaði um 500

**HAGTÖLUR Í septemberlok voru landsmenn 320.660, 160.870 karlar og 159.790 konur. Að því er fram kemur á vef Hagstofu Íslands fjölgaði landsmönnum um 500 á þriðja ársfjórðungi.**

**„Erlendir ríkisborgarar voru 20.820 og á höfuðborgarsvæðinu bjuggu 204.630 manns,“ segir þar. Þá kemur fram að í júlí, ágúst og september hafi fæðst 1.230 börn, en 470 einstaklingar hafi látist.**

**Brottfluttir frá landinu voru fleiri en aðfluttir á ársfjórðungnum, en landsmönnum fækkaði um 220 í þeim viðskiptum. Flestir, eða 550, fluttu til Danmerkur. - óká**

Flugstjórinn sendur í leyfi:

# Flugvél lenti á röngum velli

**INDÓNESÍA** Flugstjóri hjá flugfélaginu Sriwijaya Air í Indónesíu hefur verið sendur í leyfi eftir að hann lenti flugvél á röngum flugvelli. Verið er að rannsaka hvernig þetta kom til.

Flugvélin fór frá Medan á eyjunni Súmötru og átti að lenda í borginni Padang. Flugstjórinn lenti henni hins vegar á Tabing-herflugvellinum, sem er um tólf kílómetrum frá Padang-vellinum.

Samgönguráðuneyti landsins sagði farþegana 96 í vélinni aldrei hafa verið í hættu. **- þeb**






## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**HÆGVIÐRI** Í dag og næstu daga má búast við hæglætisveðri að mestu leyti. Vindur blæs úr norðri sem þýðir bjartviðri sunnan- og vestantil en þungbúnara veður N- og A-lands og él á stöku stað. Kólnar heldur í veðri, einkum norðantil.




### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 23° |
| Basel | 15° |
| Berlín | 12° |
| Billund | 10° |
| Frankfurt | 12° |
| Friedrichshafen | 12° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 14° |
| Mallorca | 23° |
| New York | 15° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | 6° |
| París | 14° |
| San Francisco | 23° |
| Stokkhólmur | 9° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



**RISAAUGA** Risavöxnu dökkbláu auga skolaði á land í Flórída fyrir skömmu. Ýmsar kenningar eru uppi um af hvaða dýri augað, sem er 20 sentimetrar í þvermál, er, þar á meðal kolkrabba, sverðfiski, túnfiski eða jafnvel af hákarli.

Velta í dagvöruverslun dróst lítillega saman í september miðað við árið í fyrra:

# Dagamunur skýrir minni áfengissölu

**VERSLUN** Velta í dagvöruverslun dróst saman um 0,4 prósent, reiknað á föstu verðlagi, í september miðað við sama mánuð í fyrra, samkvæmt tölum Rannsóknaseturs verslunarinnar á Bifröst.

Í tilkynningu Rannsóknaseturs kemur fram að þegar leiðrétt hafi verið fyrir árstíðabundnum þáttum hafi velta dagvöruverslana í september raunar aukist um 2,1 prósent. Þá kemur fram að verð á dagvöru hafi hækkað um 3,9 prósent á síðastliðnum 12 mánuðum.

„Sala áfengis dróst saman um 10,1 prósent í september miðað við sama mánuð í fyrra á föstu verðlagi,“ segir í umfjöllun Rannsóknaseturs, en áfengisverð var 4,2 prósentum hærra en í september í fyrra.

Um leið er áréttað að í samanburði á veltu dagvöru og áfengis á milli ára hafi dagamunur nokkur áhrif. „Í fyrra voru fimm föstudagar í september en á þessu ári fjórir,“ segir í umfjölluninni og bent er á að föstudagar séu langsöluhæstu vikudagarnir. „Þannig varð samdráttur í sölu á mat og drykk í september síðastliðnum á föstu verðlagi, en þegar leiðrétt



**Í BÚÐINNI** Kortavelta heimilanna jókst um 13,3 prósent milli septembermánaða.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

hefur verið fyrir þessum föstudags-dagamun kemur í ljós lítilsháttar raunaukning.“ - óká

Feðgar veittust að manni:

# Spörkuðu í liggjandi mann

**DÓMSTÓLAR** Tveimur mönnum, fæddum 1956 og 1983, er gefið að sök að hafa ráðist á mann fæddan 1959 fyrir utan veitingastað í Engihjalla í Kópavogi í októberlok í fyrra.

Mennirnir, sem eru feðgar, eru sagðir hafa sparkað í andlit og líkama mannsins þannig að hann hlaut skaða af. Það var eftir að sá yngri hafði fellt manninn í jörðina með sparki í höfuðið.

Maðurinn sem ráðist var á gerir kröfu um rúmar 867 þúsund krónur í miskabætur. - óká

**Þjóðaratkvæðagreiðsla**
**20. október 2012**

Um tillögur stjórlagaráðs að frumvarpi til stjórnskipunarlaga

**Yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis**

Yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis mun hafa aðsetur í Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi á kjördag meðan kjörfundur stendur frá kl 19 til 22.
Símar 480 8100 og 898 1067 og þar verða atkvæði talin að kjörfundi loknum.

15. október 2012
**Yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis**
Karl Gauti Hjaltason
Þórir Haraldsson Unnar Þór Böðvarsson
Erla Sigurjónsdóttir Sigurður Ingi Andrésson

# Röng skráning kveikti grun um refsivert brot

**Landsbankinn keypti tryggingaumboð af Guðlaugi Þór Þórðarsyni á 32,7 milljónir en skráði kaupin sem fyrningu á hugbúnaðarreikning. Gunnar Andersen segir þetta hafa orðið til þess að hann grunaði að viðskiptin væru refsiverð.**

**DÓMSMÁL** Kaup Landsbankans á tryggingaumboði af eignarhaldsfélagi þingmannsins Guðlaugs Þórs Þórðarsonar árið 2003 voru ekki gjaldfærð sem slík í bókhaldi bankans, heldur sem „fyrningar á hugbúnaðarreikning“.

Þetta kemur fram í bókun sem Gunnar Þ. Andersen, fyrrverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins, lagði fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur í síðustu viku. Gunnar sætir ákæru fyrir að leka gögnum um viðskiptin til DV og í bókuninni rökstyður hann hvers vegna hann hafi haft ástæðu til að álykta að 32,7 milljóna króna viðskipti Guðlaugs við Landsbankann hafi mögulega verið refsiverð.

Málið snýst um umboð sem Bogmaðurinn ehf., í eigu Guðlaugs, eignaðist til sölu líf- og sjúkdómatryggingar félagsins Swiss Life í Bretlandi. Landsbankinn keypti það af honum á 32,7 milljónir árið 2003.

Í bókun Gunnars er vitnað til skjala um viðskiptin sem lögreglan krafðist innan úr Landsbankanum við rannsókn sakargiftanna á hendur Gunnari, sem nú hafa leitt til ákæru.

Meðal þess sem einnig kemur fram í þeim gögnum er að Swiss Life hætti störfum í Bretlandi í ágúst 2003, tveimur mánuðum eftir að Landsbankinn keypti tryggingaumboðið af Bogmanninum.

Gunnar var ákærður fyrir brot á þagnarskyldu í ágúst síðastliðnum. Með honum er starfsmaður Landsbankans ákærður, en hann sá um að afla gagnanna fyrir Gunnar.

Í bókuninni sem Gunnar lagði fram 10. október segir að honum sé ómögulegt að koma að fullum vörnum í málinu án þess að allra upplýsinga um viðskipti Bogmannsins ehf. og Landsbankans hafi verið aflað.

„Kunna þær að gefa skýringar á þeirri háttsemi sem ákærða Gunnari Þorvaldi er gefin að sök í ákæru, auk þess sem upplýsingarnar geta haft áhrif við ákvörðun hugsanlegrar refsingar ákærða verði ekki fallist á sýknukröfu hans. Er þá til þess að líta að ákærði Gunnar Þorvaldur taldi mögulegt að refsiverð háttsemi hefði átt sér stað […],“ segir enn fremur í bókuninni.

stigur@frettabladid.is

## Af hverju lét hann ekki rannsaka málið?



Guðlaugur Þór Þórðarson segir vangaveltur Gunnars í bókuninni vart svaraverðar. „Hann var forstjóri Fjármálaeftirlitsins. Ef hann taldi að eitthvað refsivert hefði átt sér stað, af hverju fyrirskipaði hann þá ekki bara rannsókn á því?“ spyr Guðlaugur. „Ef maðurinn er að meina þetta þá hlýtur maður að velta því fyrir sér hvort það hefur verið vinnureglu að senda gögn um einstaklinga sem hann grunaði um eitthvað til fjölmiðla.“

Um gjaldfærsluna í bókum Landsbankans segist hann ekki geta tjáð sig, enda hafi hann ekki verið starfsmaður Landsbankans og viti eðli málsins samkvæmt ekkert um. Hins vegar hafi langstærsti kostnaðurinn af kerfinu verið í kringum hugbúnað. Það er þó af og frá að þurft hafi að fela nokkuð varðandi viðskiptin enda hafi verið fjallað um þau opinberlega á sínum tíma.

Guðlaugur segist enn fremur ekki hafa getað séð fyrir lokun Swiss Life í Bretlandi haustið 2003, frekar en Landsbankinn þar sem tryggingarnar hafi verið seldar fram að lokun og raunar enn lengur á grundvelli sérstaks samnings þar um. Tryggingafélagið hafi verið eitt það traustasta sem um gat og sé enn starfandi þótt það hafi dregið sig út af breska markaðnum.






**ÚR KREPPU Í VÖXT**
Viðsnúningur á vinnumarkaði

**Morgunverðarfundur í Háskólanum í Reykjavík fimmtudaginn 18. október kl. 8.30 – 10.00 í stofu M105.**

Chris Brewster einn stofnenda CRANET samstarfsins fjallar um styrkleika og veikleika íslenskra fyrirtækja í mannauðsmálum. Arney Einarsdóttir og Katrín Ólafsdóttir kynna frumniðurstöður rannsóknar um ákvarðanatöku í samdrætti og yfir í viðsnúning. Fundarstjóri: Ásta Bjarnadóttir.


Chris Brewster prófessor við Henley Business Shool


Arney Einarsdóttir, lektor við HR


Katrín Ólafsdóttir, lektor við HR

Fundurinn er öllum opinn.
Skráning er með tölvupósti á netfangið **skraning@hr.is**

www.hr.is

Kærður fyrir fjölda brota eftir aðeins eins og hálfs árs veru hér á landi:

# Fimm mánaða fangelsis krafist

**DÓMSTÓLAR** Farið hefur verið fram á fimm mánaða fangelsisrefsingu og þriggja ára ökuleyfissviptingu vegna fjölmargra afbrota þrítugs Kópavogsbúa síðastliðið ár eða svo. Þá er krafist 673 þúsund króna í málskostnað. Mál á hendur manninum var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Maðurinn, sem er af erlendu bergi brotinn, kom hingað til lands fyrir um einu og hálfu ári síðan. Hann hefur hins vegar ekki slegið slöku við í afbrotum eftir komuna til landsins.

Í ákæru á hendur honum eru talin upp átta þjófnaðarbrot, þar sem um er að ræða margvíslegan þjófnað úr verslunum á höfuðborgarsvæðinu, hylmingu yfir þjófnaðarbrotum annarra og hlutdeild í tilraun til innbrots hjá fyrirtæki í Reykjavík.

Hann er einnig kærður fyrir brot á ávana- og fíkniefnalöggjöfinni þar sem heima hjá honum fundust 2,18 grömm af marijúana.

Þá er hann kærður fyrir tíu umferðarlagabrot.

## Úr ákæru



Í þjófnaðarlið ákæru eru taldir til sex þjófnaðir úr verslunum. Meðal þess sem maðurinn var gripinn við að stela eru boxer-nærbuxur, regnhattur, sokkar, fæðubótarefni, útivistarjakkar, bakpokar, stuttbuxur, inniskór, svitalyktareyðir og ýmislegt fleira að andvirði tæplega 130 þúsunda króna.

Þar á meðal er ítrekaður akstur undir áhrifum amfetamíns og kannabisefna, hraðakstur og margítrekaður akstur án ökuréttinda.

Maðurinn játaði öll brotin þegar málið var tekið fyrir í gær. - óká

# Í DAG VEITIR
## DÆLULYKILL ATLANTSOLÍU

# 7 KRÓNA AFSLÁTT

AUKAAFSLÁTTUR DAGSINS BÆTIST EKKI OFAN Á ÖNNUR AFSLÁTTARKJÖR.

HVERNIG VÆRI AÐ HALDA ATLANTSOLÍUDAGINN HÁTÍÐLEGAN OG FÁ SÉR ÆRLEGA Á TANKINN Í DAG?



SÆKTU UM DÆLULYKIL Á WWW.ATLANTSOLIA.IS

LENGI LIFI SAMKEPPNI

ATLANTSOLÍA

Atlantsolía var stofnuð til að veita stóru olíufélögunum samkeppni.
Við rufum einokun olíurisanna þriggja árið 2003 og höfum haldið keppinautunum við efnið síðan.

Atlantsolía | Lónsbraut 2 | 220 Hafnarfjörður | Sími 591-3100

Dælulykill gefur afslátt hjá þessum frábæru fyrirtækjum:

kemi GÚMMÍVINNSLAN

## VEISTU SVARIÐ?



*1. Hvar fer Evrópumeistaramótið í hópfimleikum fram?*

*2. Hvað voru margir farþegar í vél Icelandair sem lenda þurfti í flýti vegna veikinda flugþjóna?*

*3. Hvað heitir Austurríkismaðurinn sem um helgina stökk úr tæplega 39 kílómetra hæð?*

**SVÖRIN**

*1. Í Árósum í Danmörku. 2. Eitthundrað þrjátíu og tveir. 3. Felix Baumgartner.*

Apple kynnir nýja vöru:

## Nýr iPad minni og þynnri

**TÆKNI Tæknirisinn Apple mun opinbera minni og ódýrari útgáfu af nýjustu iPad-spjaldtölvunni 23. október næstkomandi. Það er tæknifréttamiðillinn AllThingsD sem greinir frá þessu.**

**Tímasetningin hefur vakið athygli en nýjasta spjaldtölva Microsoft, Surface, fer í almenna sölu 26. október.**

**Samkvæmt heimildum AllThingsD verður þessi nýja útgáfa iPad-spjaldtölvunnar mun minni og nettari en forveri sinn.**

**Snertiskjárinn verður 7,85 tommur að stærð en raftækið sjálft verður þynnra en fyrri útgáfur iPad.**

**Þá verður spjaldtölvan búin Lightning-tengibrautinni sem Apple frumsýndi á dögunum.**

# Fær læknisþjónustu og vernd í Bretlandi

**Hin fjórtán ára gamla Malala Yousufzai var snemma í gærmorgun flutt af hersjúkrahúsi í Pakistan til Bretlands þar sem hún fær aðhlynningu og vernd gegn áframhaldandi árásum talibana, sem hafa heitið því að myrða hana.**

**PAKISTAN, AP** Malala Yousufzai, fjórtán ára gömul pakistönsk stúlka, var í gær send til Bretlands með sjúkraflugi. Talibanar skutu Malölu og særðu lífshættulega þegar hún var á leið úr skóla fyrir viku síðan.

Malala var flutt með sjúkraflugi frá Pakistan til Sameinuðu arabísku furstadæmanna snemma í gærmorgun. Þar beið hún í nokkrar klukkustundir áður en flogið var með hana til Bretlands, þar sem hún mun fá læknishjálp næstu vikurnar. Læknar í Pakistan voru sammála um að flytja hana til Bretlands, þar sem hún gæti fengið sérhæfðari læknishjálp og notið aukinnar verndar gegn fleiri árásum talibana. Ákvörðunin var tekin í samráði við fjölskyldu Malölu og munu pakistönsk yfirvöld greiða kostnaðinn.



**FLUTT FRÁ PAKISTAN** Læknar og hjúkrunarfræðingar flytja hér Malölu út af herspítalanum sem hún hefur dvalið á undanfarna viku. Hún kom til Bretlands í gær þar sem henni verður sinnt næstu vikurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Talibanar réðust á Malölu vegna þess að hún hefur talað fyrir menntun stúlkna og gagnrýnt talibana. Þeir segja að hún hafi verið með áróður fyrir vestrænum þankagangi og hafa hótað því að þeir muni ekki linna látum fyrr en hún hafi verið myrt.

Utanríkisráðuneyti Bretlands hefur greint frá því að Malala verði lögð inn á almennan spítala í landinu, en gefur ekki frekari upplýsingar. „Bretland stendur með Pakistan í baráttunni gegn hryðjuverkum,“ sagði utanríkisráðherrann William Hague í tilkynningu. „Hugrekki Malölu til að berjast fyrir rétti allra ungra stúlkna í Pakistan til menntunar setur gott fordæmi fyrir okkur öll.“

Árásin á Malölu hefur valdið mikilli hneykslan um allan heim. Í Pakistan hafa verið haldnir útifundir henni til stuðnings. Nokkur hundruð manns hafa mætt á þá flesta en tugþúsundir mættu á fund á sunnudag í borginni Karachi.

Yfir 100 talibanar réðust á lögreglustöð í nágrenni borgarinnar Peshawar seint á sunnudagskvöld. Skotbardagar milli þeirra og lögreglumanna vöruðu í nokkrar klukkustundir og létu sex lögreglumenn lífið auk þess sem tólf til viðbótar hlutu skotsár. Tveir lögreglumannanna voru afhöfðaðir. Talibanarnir kveiktu í lögreglustöðinni og fjórum lögreglubílum áður en þeir flúðu vettvanginn.

thorunn@frettabladid.is

Sænskt tryggingafélag:

## Aksturslag ræður iðgjaldinu

**SVÍÞJÓÐ** Tryggingafélagið Folksam í Svíþjóð vill innleiða bílatryggingar þar sem ökumaður greiðir iðgjald í samræmi við aksturslag. Tryggingafélagið hefur fengið leyfi hjá persónuvernd til að skrá mögulegan hraðakstur tryggingataka, að því er greint er frá á fréttavefnum metro.se.

Þar segir að tryggingafélagið hafi prófað nýja kerfið undanfarið ár. Með búnaði í bílnum er hægt að sjá hversu oft er ekið yfir leyfilegum hámarkshraða.

Félagi bifreiðaeigenda í Svíþjóð líst illa á fyrirkomulagið. Því meir sem notendum þess fjölgi, þeim mun dýrari verði venjulegar tryggingar. - ibs

Bráðamóttökur á Skáni:

## Börn fái fría læknisþjónustu

**SVÍÞJÓÐ** Börn upp að átján ára aldri fá gjaldfrjálsa læknisþjónustu frá áramótum á Skáni í Svíþjóð ef tillaga meirihlutans verður samþykkt. Komugjald á bráðamóttöku sjúkrahúss er nú 350 sænskar krónur, eða rúmlega 6.400 íslenskar krónur, fyrir eldri en 12 ára.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að þeir sem eru eldri en átján ára greiði 50 sænskum krónum meira fyrir komu á bráðamóttökur sjúkrahúsa en nú eða 400 sænskar krónur, sem eru um 7.300 íslenskar krónur.

Komur á heilsugæslustöðvar á Skáni eru þegar gjaldfrjálsar fyrir börn undir átján ára aldri. - ibs





KIA The Power to Surprise

**Við kynnum nýjan Kia cee'd Sportswagon** – stærri og rúmbetri útgáfu af hinum vinsæla Kia cee'd. Hann er vel búinn og kraftmikill en samt sparneytinn, **eyðir frá aðeins 4,4 l/100 km** í blönduðum akstri.

**Komdu við í sýningarsal Öskju að Krókhálsi 11 eða hjá umboðsmönnum okkar og kynntu þér þennan stórglæsilega bíl. Við tökum vel á móti þér.**

Verð frá **3.655.777 kr.** Kia cee'd Sportswagon

Aðeins **30.777 kr.** á mánuði í 84 mánuði*

*M.v. 50% útborgun eða uppítökubíl að sambærilegu verðmæti. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,06 %.

Þú finnur „Kia Motors Ísland“ á Facebook

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.


Vatn sent til flóttamannabúða SÞ í Panama:

## 24 þúsund lítrar af vatni á einum belg

**HJÁLPARSTARF** Í vikunni verður gámur með 24 þúsund lítra af vatni fluttur frá Íslandi til flóttamannabúða í Panama í Mið-Ameríku.

Að því er fram kemur í tilkynningu eru vatnsfyrirtækið Brúarfoss Iceland og kanadísku góðgerðarsamtökin On Guard for Humanity í samstarfi við Flóttamannahjálp Sameinuðu þjóðanna um verkefnið.

Flutningamiðlunin Kühne & Nagel, með aðstoð TVG-Zimsen, sér um flutninginn.

Haft er eftir Birni Einarssyni, framkvæmdastjóra TVG-Zimsen, að um sé að ræða fyrstu ferð og ákveðið tilraunaverkefni.

„Vatnið, alls 24 þúsund lítrar, verður flutt í einum stórum belg sem komið er fyrir í 20 feta gámi eða svonefndum flexitank,“ segir hann og kveður hugsanlega um að ræða nýja hugmyndafræði í því hvernig flytja megi vatn inn á fjarlæg og jafnvel erfið svæði plöguð af miklum vatnsskorti.



**GÁMURINN** Framkvæmdastjóri TVG-Zimsen segir Ísland geta gegnt lykilhlutverki í að koma vatni á þurrkasvæði. MYND/TVG-ZIMSEN

Innihald gámsins, sem fluttur verður frá Íslandi til Panama, er sagt samsvara daglegri lágmarksvatnsþörf nærri fimm þúsund flóttamanna. - óká


**Ráðgefandi Þjóðaratkvæðagreiðsla 20. október 2012.**

Yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis mun hafa aðsetur að Hótel Borgarnesi á kjördag.
Talning atkvæða að jörfundi loknum mun fara fram í íþróttamiðstöðinni, Þorsteinsgötu 1, Borgarnesi.

**Yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis.**





# RÉTTA BRAGÐIÐ ÚR AUSTRI





Fæst í verslunum
Hagkaups og Bónus

BÓNUS HAGKAUP

# Fordómarnir finnast líka í kerfinu

**Síðan samfélagsteymi LSH tók til starfa hefur tími geðsjúkra inni á stofnunum minnkað og innlögnum fækkað. Sveitarfélögin verða að taka sig á varðandi þjónustu við hópinn, að mati teymisstjóra. Fordómar finnast innan heilbrigðiskerfisins sem utan þess.**




**INNI OG ÚTI** Öll málverk á veggjum Klepps eru eftir vistmenn á spítalanum. Listakonan GÍA málaði þessar myndir fyrr á árinu sem sýna líðan sjúklinga á ólíkum stigum. Samfélagsteymið sinnir skjólstæðingum sem lifa lífinu að mestu utan stofnana. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



GUÐBJÖRG SVEINSDÓTTIR



MAGNÚS HARALDSSON

> Geðheilsa er náttúrulega rammpólitísk.
>
> GUÐBJÖRG SVEINSDÓTTIR TEYMISSTJÓRI SAMFÉLAGSTEYMIS GEÐSVIÐS LSH

Æ færri hafa lagst inn á geðdeildir og sjúklingar liggja helmingi skemur inni eftir að samfélagsteymi á vegum geðsviðs Landspítalans (LSH) tók til starfa á höfuðborgarsvæðinu. Teymið sinnir gegnumgangandi um 60 einstaklingum sem eiga við alvarlega geðsjúkdóma að stríða og þurfa stuðning í sínu daglega lífi. Þjónustan nær í einstaka tilvikum til einstaklinga utan höfuðborgarsvæðisins, þá með símtölum og einstaka vitjunum.

### Skilað tilætluðum árangri

Teymið var stofnað sem tilraunaverkefni til tveggja ára í mars árið 2010 en starfsemi þess var framlengd í ljósi góðs árangurs. Flestir einstaklingar sem hópurinn sinnir eru að glíma við alvarlega geðrofssjúkdóma; geðklofa, geðhvörf eða geðhvarfaklofa.

Guðbjörg Sveinsdóttir, geðhjúkrunarfræðingur og teymisstjóri, segir nauðsynlegt að koma á frekara samstarfi milli heilbrigðiskerfisins og félagslegu kerfanna í sveitarfélögunum.

„Það er ömurlegt ástand í sumum sveitarfélögum og við merkjum mun á aðstæðum eftir því hvar fólk býr,“ segir hún, en forsvarsmenn á Kleppi sögðu í Fréttablaðinu á laugardag að Kópavogur, Hafnarfjörður og Árborg stæðu sérstaklega illa er varðar þjónustu við geðfatlaða einstaklinga. „Við erum hugsi yfir

## Oftast er vitjað fólks í heimahúsum

Samfélagsteymið er til húsa að Reynimel 55 og tekur þar á móti fólki í viðtöl og lyfjagjöf. Víðtækasta þjónustan eru þó heimavitjanir.

Teymið sinnir fyrst og fremst fólki með alvarlegar geðraskanir og þörf fyrir mikla þjónustu í samfélaginu og fólki með aukin og versnandi einkenni, tíðari innlagnir og komur á bráðaþjónustu síðastliðna mánuði, meðal annars þeim sem eru óvirkir og félagslega einangraðir vegna síns geðsjúkdóms. Það sinnir ekki þeim sem eru fyrst og fremst með fíknisjúkdóma eða persónuleikaraskanir.

Ef starfsmenn teymisins meta að skjólstæðingur þurfi innlögn á bráðadeild er haft samband við vakthafandi deildarlækni á geðdeild og óskað eftir plássi.

Tvö alvarleg tilfelli hafa verið skráð síðan teymið tók til starfa, eitt þar sem skjólstæðingur aftraði starfsmanni útgöngu og annað vegna hótana um ofbeldi.

www.volkswagen.is




Volkswagen Caddy

Góður vinnufélagi

Caddy er áreiðanlegur, sparneytinn og þægilegur í allri umgengni. Lipur vinnuþjarkur með frábæra aksturseiginleika og ríkulegan staðalbúnað. Hann er fáanlegur með bensín-, dísil- og metanvélum frá framleiðanda.

Fæst einnig fjórhjóladrifinn

Atvinnubílar

Til afgreiðslu strax

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA

## Kleppur í 100 ár

### Ástæða til að lina böl geðveiklinga – 1905

Árið 1905 voru lög samþykkt á Alþingi um stofnun geðveikrahælis. Í greinargerð með frumvarpinu var greint frá fjölda geðsjúkra í landinu og undirstrikuð sú þörf að stofna sérstaka stofnun til að halda utan um þá.

„Sagt er að einn fjórtándi hluti „þurfalinga“ séu óðir, sturlaðir eða fábjánar. Þessir einstaklingar teljast vera 154 af alls 2.186 „þurfalingum“ og 63 sem ekki þiggja af sveit eða alls 217 manns. Þessar tölur eru byggðar á skýrslu um manntal á Íslandi árið 1901. […] Greinargerðinni fylgja heimspekilegar hugleiðingar um böl geðveikinnar.

„Hjá geðveiklingum birtist eymd mannlífsins á einhverju hinu hæsta stigi sínu sem hugsast getur. Það eitt er ærin ástæða til þess að gjöra svo mikið sem auðið er til að lina böl þeirra.““

Byggingarframkvæmdir hófust við Klepp ári síðar.

*Úr bók Óttars Guðmundssonar, Kleppur í 100 ár.*



### 18 mánuðir

**Fjöldi innlagna**

| | |
|---|---|
| Fyrir samfélagsteymi | 125 |
| Eftir samfélagsteymi | 81 |

**Fjöldi daga á stofnun**

| | |
|---|---|
| Fyrir samfélagsteymi | 2.375 |
| Eftir samfélagsteymi | 1.017 |

**Hlutfall einstaklinga**




**Geðraskanir orsakir örorku 1992**

| | |
|---|---|
| ♀ | 15% |
| ♂ | 17,8% |

**Geðraskanir orsakir örorku 2009**

| | |
|---|---|
| ♀ | 33,10% |
| ♂ | 41,5% |

**117** einstaklingar hafa notað þjónustuna frá 1. mars 2010

**54** hafa útskrifast

**58** skráðir í þjónustu í mars sl.

þessu og það vantar stefnu í þessi mál.“

**Fordómar innan kerfisins**

Magnús Haraldsson geðlæknir segir samvinnu innan kerfisins hafa verið veikan hlekk í starfinu. Þá sé geðheilbrigðisþjónusta innan heilsugæslustöðvanna skammt á veg komin og nauðsynlegt sé að gera eitthvað í því. Hann segir málaflokkinn hafa orðið út undan á mörgum stöðum og svarar því játandi hvort fordómar gætu spilað þar hlut í máli.

„Fordómar eru alls staðar; bæði innan sem utan heilbrigðis- og félagslega kerfisins,“ segir hann.

Guðbjörg bætir við að afskaplega mikil fáfræði ríki í samfélaginu um geðsjúkdóma og starfsmenn innan kerfisins verði að taka það að hluta til sín. „Við vitum svo mikið; hvernig fólk hegðar sér, undirliggjandi orsök veikindanna og aðstæður sem draga úr geðheilsu,“ segir hún. „Þetta er allt saman pólitískt og því verða sveitarfélögin að vinna að því að efla þetta fólk frá byrjun. Geðheilsa er náttúrulega rammpólitísk, eins og flest annað. Líka hvernig á að fara að þegar fólk veikist.“

**Kleppur er víða**

Engar tölur eru til yfir þá einstaklinga sem veikjast af geðsjúkdómum en leita sér aldrei hjálpar. Guðbjörg og Magnús segja óvarlegt að áætla nokkuð um það, en mögulegt sé að skoða erlendar rannsóknir í þessu samhengi og sjá algengi hinna ýmsu geðsjúkdóma og bera það saman við innlagnir sjúklinga.

„Það eru til einhverjar tölur sem segja að kerfin nái um 30 prósentum þeirra þunglyndissjúklinga sem þurfa á hjálp að halda,“ segir Magnús. „Algengi er vissulega meira en þjónustan sem við erum að sinna, en óvarlegt er að áætla hversu margir það eru.“

Algengi geðklofa er talið vera á bilinu 0,7 til eitt prósent, en sjúklingarnir eru í mjög misjöfnu ásigkomulagi eins og gengur og gerist með flesta sjúkdóma. Um tuttugu prósent geðklofasjúklinga ná sér tiltölulega fljótt og fara af lyfjum, svo eru önnur tuttugu prósent sem verða mjög veik og þurfa mikinn stuðning í langan tíma. Flestir eru svo þar á milli.

**Skref í rétta átt í Breiðholti**

Sérstök geðheilsustöð hefur verið stofnuð í Breiðholti og segja Magnús og Guðbjörg slíkar stöðvar líklega vera framtíðina. Það sé dæmi um góða samvinnu á milli heilbrigðiskerfisins og félagsþjónustunnar, þar sem starfar bæði geðteymi og aðrir starfsmenn sem þjónusta sérstaklega íbúa Breiðholts.

„Það eru meira en 30 ár síðan þjónustan byggðist upp í löndunum í kringum okkur,“ segir Magnús. Guðbjörg bætir við að þróunin á Íslandi síðustu 10 ár sé vissulega skref í rétta átt. Styttri tími á stofnunum og færri innlagnir geðsjúkra séu ein birtingarmynd þess.



**Sunna Valgerðardóttir**
sunna@frettabladid.is




VIÐ VILJUM **SJÁ** ÞIG

Arion banki, í samstarfi við Umferðarstofu, sendir á næstu dögum öllum börnum fæddum árið 2006 endurskinsmerki að gjöf. Önnur börn sem langar í merki geta nálgast þau í næsta útibúi Arion banka á meðan birgðir endast.

**Komdu í heimsókn því við viljum sjá þig.**

Disney KLÚBBURINN
www.disneyklubburinn.is
UMFERÐARSTOFA
Arion banki




FJÖGUR ÁR FRÁ EFNAHAGSHRUNI – FIMMTA GREIN

# Bankakerfið fimm sinnum minna

**Ísland fór sérstaka leið við endurreisn bankakerfisins eftir hrunið. Forgangi kröfuhafa var breytt og þannig var hægt að setja innstæður og góðar eignir í „nýja“ banka en skilja annað eftir í „gömlum“. Með því að semja síðar við kröfuhafa komst landið upp með þetta.**



**UPPHAFIÐ** Davíð Oddsson, þáverandi formaður bankaráðs Seðlabankans, tilkynnir um þjóðnýtingu Glitnis. Við hlið hans stendur sigraður Lárus Welding, sem þá var forstjóri bankans. Þessi atburður markaði upphaf atburðarásar sem endaði með því að íslensku viðskiptabankarnir þrír féllu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Að morgni 29. september 2008 var boðað til blaðamannafundar í höfuðstöðvum Seðlabanka Íslands. Davíð Oddsson, þáverandi formaður bankastjórnar Seðlabankans, kynnti þar að íslenska ríkið myndi leggja 84 milljarða króna inn í Glitni sem nýtt hlutafé til að bjarga bankanum frá gjaldþroti. Með þessu myndi ríkið eignast 75 prósenta hlut í honum. Við hlið Davíðs stóð örþreyttur Lárus Welding, þá forstjóri Glitnis, með uppgjafarsvip.

Þessi gerningur markaði upphaf hins formlega bankahruns, þó að þá óþekktar athafnir bankanna hefðu markað leiðina að þeirri niðurstöðu um nokkuð langt skeið. Viku síðar voru sett neyðarlög sem veittu heimild til að skipta gjaldþrota bönkum upp í „nýja“ og „gamla“. Í nýju bankana myndu þá flytjast innstæður og á móti þeim myndu fylgja eignir, að mestu útlán til innlendra aðila.

Landsbankinn féll sama dag, Glitnir daginn eftir og Kaupþing tveimur dögum síðar. Þann 22. október 2008, 16 dögum eftir neyðarlagasetninguna, var búið að stofna nýja banka utan um innlenda bankastarfsemi Landsbankans, Glitnis og Kaupþings.

### Fimmtungur af því sem var

Eignasafn föllnu bankanna þriggja var metið á 13.052 milljarða króna í lok september 2008. Í bráðabirgðastofnreikningi nýju bankanna voru þær eignir sem færðar voru yfir til þeirra metnar á 2.886 milljarða króna. Stór hluti þeirra eigna sem voru bókfærðar sem ekta í september var horfinn til peningahimna í október. Mikil óvissa ríkti um innheimtanleika annarra.

Jafnframt skuldbatt íslenska ríkið sig til að veita nýju bönkunum samtals 385 milljarða króna í nýtt hlutafé. Með þessari aðgerð var áframhaldandi bankastarfsemi tryggð í landinu.

Þorri krafna erlendra og innlendra kröfuhafa voru skildar eftir í þrotabúum gömlu bankanna ásamt erlendum eignum. Reyndar bættust þó nokkrar innlendar eignir í þann hóp þegar leið frá hruni, að mestu erfið lán, en töluvert var um færslur á eignum á milli nýju og gömlu bankanna á fyrstu misserum starfsemi þeirra. Yfir þrotabúin voru síðan skipaðar skilanefndir til að fara með þær eignir og síðar slitastjórnir til að hjálpa við að gera upp búin gagnvart kröfuhöfum.

### Samið við kröfuhafa

Fljótlega varð þó ljóst að kröfuhafar voru ekki hrifnir af því að góðar eignir hefðu verið fluttir til nýrra banka, sem þeir áttu ekkert að eiga í, á meðan að illa innheimtanlegum eignum var hrúgað inn í gömlu bankana þeirra. Í febrúar 2009 ákvað ný ríkisstjórn að leita samninga við kröfuhafana. Þær viðræður leiddu til samkomulags, sem kynnt var 20. júlí sama ár.

Í því fólst að kröfuhafarnir myndu eignast 87 prósenta hlut í Arion banka, 95 prósenta hlut í Íslandsbanka og tæplega 19 prósenta hlut í Landsbankanum. Afgangurinn yrði í eigu íslenska ríkisins. Það getur í raun, og mun líklegast, eignast nánast alla hluti í Landsbankanum á árinu 2013 þar sem virði skilyrts skuldabréfs hefur þróast með þeim hætti að kröfuhafar fá það greitt. Gangi það eftir mun ríkið eiga 98 prósenta hlut í bankanum en tvö prósent munu mynda stofn að kaupaukakerfi starfsmanna hans.

### Ríkið leggur minna til

Með þessari leið ávannst tvennt. Í fyrsta lagi var komist hjá langvinnum lagaferlum vegna eignaupptöku nýju bankanna og í öðru lagi þurfti ríkið að leggja þeim mun minna fé til en upphaflega stóð til.

Nú er framlag ríkisins til Arion banka og Íslandsbanka að mestu í formi víkjandi lána upp á 54,5 milljarða króna. Ríkið þurfti hins vegar enn að reiða fram alls 122 milljarða króna í eiginfjárframlag til Landsbankans, enda orsakaði Icesave það að lengi vel stefndi í að aðrir kröfuhafar en þeir sem nutu forgangs myndu ekki fá neitt upp í kröfur sínar.

### Staðan í dag sterk

Í dag er staða stóru viðskiptabankanna þriggja nokkuð sterk. Þeir hafa samtals hagnast um 185 milljarða króna frá því að þeir voru stofnsettir í október 2008. Eignir þeirra voru metnar á 2.719 milljarða króna um mitt þetta ár og kerfið er því tæplega fimm sinnum minna en það var við hrun.

Eigið fé bankanna er samtals um 473 milljarðar króna, enda verða þeir allir að vera með að minnsta kosti 16 prósenta eiginfjárhlutfall samkvæmt sérstökum tilmælum Fjármálaeftirlitsins (FME) svo þeir geti mætt áföllum og snöggum breytingum á efnahagsreikningi þeirra, til dæmis í kjölfar gengislánadóma. Auk stóru viðskiptabankanna þriggja er starfandi einn viðskiptabanki í einkaeigu, MP banki, og fjárfestingabankinn Straumur auk nokkurra smærri sparisjóða víða um land. Stóru sparisjóðirnir SPRON, SpKef og Byr fóru allir í þrot og viðskiptavinir þeirra eru nú viðskiptavinir stóru bankanna.

Með sértækum aðgerðum sem bankarnir hafa annaðhvort tekið upp sjálfir eða verið skikkaðir til af ríkisvaldinu og vegna fjölda dóma um ólögmæti gengistryggðra lána hafa skuldir heimila verið færðar niður um meira en 200 milljarða króna. Þá hafa lán fyrirtækja einnig verið færð niður um mörg hundruð milljarða króna.

### Umhverfið mikið breytt

Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á lagaumhverfi fjármálafyrirtækja eftir hrunið til að reyna að koma í veg fyrir að slíkar hamfarir endurtaki sig. Meðal annars hefur FME fengið mun víðari heimildir til að leggja mat á rekstur og hegðun banka, sá tími sem hvert endurskoðunarfyrirtæki má starfa fyrir hvern banka hefur verið þrengdur, til stendur að koma á fót skrá yfir skuldbindingar stærri lántakenda til að auðvelda vinnu við að tengja saman aðila og leggja mat á kerfislæg áhrif, bann hefur verið lagt við lánveitingum með veði í eigin hlutabréfum og mun ríkari kröfur eru gerðar til hæfis stjórnarmanna en áður tíðkaðist.

### Hindranir í vegi

Helstu breytingarnar á þjónustu við einstaklinga sem átt hefur sér stað eftir hrun eru þær að bankarnir hófu í fyrrahaust að bjóða óverðtryggð lán sem hafa mælst mjög vel fyrir. Er nú svo komið að nánast öll ný íbúðalán eru óverðtryggð. Þá hafa þeir líka aukið við áherslur sínar á fjármögnun á bílum, ferðavögnum og atvinnutækjum.

Starfsumhverfi íslensku bankanna er þó að mörgu leyti afar takmarkandi í dag. Hér eru í gildi gjaldeyrishöft sem gera það að verkum að starfsemin og fjármögnun er að langmestu leyti bundin við innlendan markað. Mikill tími hefur farið í endurskipulagningu fyrirtækja og skulda á síðustu fjórum árum sem hefur gert það að verkum að önnur þjónusta sem bankarnir væru annars að veita hefur setið á hakanum. Þá hafa þeir fjárfestingakostir sem bankarnir hafa getað boðið viðskiptavinum sínum upp á verið af skornum skammti, enda hrundi íslenskur hlutabréfamarkaður samhliða bönkunum.


Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is

**13.052** MILLJARÐAR króna var bókfært virði eigna íslensku bankanna í lok september 2008.

**2.886** MILLJARÐAR króna var virði eigna þeirra samkvæmt bráðabirgðaefnahagsreikningi þeirra.

**2.719** MILLJARÐAR króna eru eignir stóru bankanna þriggja um mitt þetta ár.

**473** MILLJARÐAR króna er eigið fé þeirra.

**ERLENDAR LÁNASTOFNANIR** hafa tapað á áttunda þúsund milljarða króna á falli íslenskra banka og fyrirtækja.

**STARFSFÓLKI Í BÖNKUM** á Íslandi fækkaði úr 5.300 í 3.482 frá árslokum 2007 og til ársloka 2010.

**122** MILLJARÐAR króna er eiginfjárframlag íslenska ríkisins til Landsbankans.




## Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn: Þrjú meginmarkmið

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) og íslensk stjórnvöld gerðu með sér áætlun um endurreisn íslensks efnahagslífs á síðustu mánuðum ársins 2008. Þeirri áætlun lauk í ágúst í fyrra. Í apríl síðastliðnum gaf sjóðurinn út matsskýrslu þar sem hann fór yfir árangurinn af áætluninni, meðal annars hvernig það hefði gengið að endurreisa íslenska bankakerfið.

Að mati sjóðsins höfðu íslensk stjórnvöld ekki margra annarra kosta völ en að fara þá leið sem farin var við hrunið, það er að skipta bönkunum upp í nýja og gamla. Helsti ávinningur þeirrar leiðar var að innlend greiðslumiðlun hélst gangandi, ábyrgð hins opinbera á skuldum einkageirans var takmörkuð og búinn var til grunnur til að endurreisa innlenda bankastarfsemi á.

Helstu fyrirsjáanlegu gallar þessarar leiðar voru þeir að það reyndist mjög erfitt, tímafrekt og langdregið að meta virði þeirra eigna sem færðar voru yfir í nýju bankana. Það ferli tafði verulega fyrir að hægt væri að ganga frá endurfjármögnun þeirra. Í öðru lagi urðu of mörg ónýt lán (e. non-performing loans) eftir í nýju bönkunum, en um 45 prósent af öllum lánum þeirra í lok árs 2008 voru þannig. Í þriðja lagi voru nýju bankarnir of viðkvæmir fyrir gengissveiflum þar sem stór hluti lána þeirra var gengistryggður.



**LOKIÐ** Þegar efnahagsáætlun AGS og íslenskra stjórnvalda lauk formlega í ágúst í fyrra var haldinn blaðamannafundur til að fara yfir árangur samstarfsins. Fyrir svörum sátu Árni Páll Árnason, Jóhanna Sigurðardóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Arnór Sighvatsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þau þrjú meginmarkmið sem AGS vildi að áætlunin skilaði varðandi fjármálageirann var að það tækist að hann gæti veitt viðunandi fjármálaþjónustu, að skuldir einkageirans myndu minnka á meðan á áætluninni stæði og í þriðja lagi að regluverk og eftirlit yrði styrkt. Öll þessi markmið hafa náðst.



# Úrvalsdekk á frábæru verði

## Það er öruggara að velja réttu dekkin

Dekkin eru eina snerting bílsins við veginn og öryggi þitt veltur því á gæðum þeirra. Við hjá Bílabúð Benna búum að áratuga reynslu og vitum að mikill munur er á gæðum og endingu þeirra dekkja sem eru í boði á markaðnum.

**Nú er tími vetrardekkjanna runninn upp og því hvetjum við bíleigendur til að fá aðstoð við val á réttum dekkjum hjá okkur eða umboðsmönnum okkar um land allt.**



Winter TRANPATH S1 | OBSERVE GSi-5 | OPEN COUNTRY I/T | OBSERVE G2S




TOYO TIRES driven to perform | TOYO TIRES driven to perform | TOYO TIRES driven to perform | TOYO TIRES driven to perform

All Terrain | Mud Terrain KM2 | g-Force Stud | g-Force Winter




BFGoodrich Tires TAKE CONTROL | BFGoodrich Tires TAKE CONTROL | BFGoodrich Tires TAKE CONTROL | BFGoodrich Tires TAKE CONTROL

Bighorn | Presa Spike | AT 771 | Mudder MT 754




MAXXIS | MAXXIS | MAXXIS | MAXXIS

Winter Claw Extreme Grip | Winter Claw Extreme Grip MX | Winter Claw SPORT XSI | IWT-2 EVO




INTERSTATE TIRES | INTERSTATE TIRES | INTERSTATE TIRES | INTERSTATE TIRES

**Bjóðum vaxtalaus lán frá Visa og Mastercard í allt að 12 mánuði**

**Nánari upplýsingar á benni.is**

**Umboðsmenn um land allt**

NESDEKK Reykjavík Reykjanesbæ

Reykjavík • Fiskislóð 30 • Sími: 561 4110
Reykjanesbæ • Njarðarbraut 9 • Sími: 420 3333

Bílabúð Benna — Sérfræðingar í bílum

Bílabúð Benna dekkjaþjónusta
Tangarhöfða 8 • Sími: 590 2045 • 590 2000

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Umdeild veiting friðarverðlauna Nóbels:

# Áminning um lærdóm sögunnar

Veiting friðarverðlauna Nóbels er oftast nær umdeild – og á að vera það. Norska Nóbelsnefndin hefur oft komið á óvart og oft verið gagnrýnd fyrir val sitt á verðlaunahafa. Ein forsenda þess að Nóbelsverðlaunin eru þau friðarverðlaun sem vekja mesta athygli á heimsvísu er einmitt að valið er ekki alltaf fyrirsjáanlegt.

Að þessu sinni ákvað nefndin að veita Evrópusambandinu verðlaunin. Um þá ákvörðun má vissulega deila. Það hefur samt verið sérkennilegt að sjá hvernig bæði í Noregi og hér á landi er gagnrýnin að stórum hluta sett fram í ofurþröngu samhengi deilna um aðild að ESB, svona eins og norska Nóbelsnefndin leggi í vana sinn að troða skoðunum nefndarmanna á norskri pólitík inn í val á friðarverðlaunahafa.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Sumt af þessari gagnrýni ber einkenni þeirrar öfgakenndu og vanþroskuðu Evrópuumræðu sem við erum orðin svo vön; Evrópusambandinu er stillt upp sem einhvers konar andlýðræðislegu og lítt friðelskandi skrímsli. Það er eins og sumir gleymi því að í ESB eru öll nánustu vina- og bandalagsríki bæði Íslands og Noregs, sem eru líkust okkur af löndum heims og við eigum nánust samskipti við. Ef Evrópusambandið er svona vont, hlýtur það að segja sína sögu um jafnnáin samstarfsríki þess – eða hvað?

Tímasetning verðlaunaveitingarinnar hefur verið gagnrýnd; að einmitt nú þegar ESB sé í kreppu fái það klapp á bakið fyrir afrek sín í fortíðinni. Staðreyndin er hins vegar að þetta er rétti tímapunkturinn til að minna á stórmerkilegan árangur Evrópusamstarfsins. Þeir sem gera lítið úr honum virðast hafa gleymt því að um aldabil var Evrópa álfa sífellds ófriðar. Friðurinn sem ríkt hefur undanfarna sex áratugi er langt frá því sjálfgefinn.

ESB snýst ekki bara um efnahagsmál. Upprunalegt markmið hinna evrópsku stofnana sem síðar urðu að ESB var að samtvinna efnahagslíf aðildarríkjanna svo rækilega að stríð þeirra á milli yrði óhugsandi. Engum dettur nú lengur í hug að Þýzkaland og Frakkland fari í stríð eina ferðina enn og taki álfuna alla með sér.

ESB gaf síðar ríkjum, sem hafa kastað af sér oki einræðis herforingjastjórna eða kommúnísks alræðis, fyrirheit um efnahagslegan ávinning af samstarfi á forsendum frjáls markaðar, en setti um leið skýr skilyrði um lýðræðislega stjórnarhætti og virðingu fyrir mannréttindum. Fyrir hálfri öld hefði fáa dreymt um að Suður- og Austur-Evrópuríkin yrðu sameinuð Vestur-Evrópuríkjunum í jafnnánu og friðsamlegu samstarfi og raun ber nú vitni.

Um leið og Nóbelsverðlaunin minna á þennan árangur, eru þau áminning til Evrópuríkjanna um að missa ekki sjónar á því sem skapaði hann; hugsjóninni um sameinaða Evrópu, umburðarlyndi og samstarfsvilja. Efnahagserfiðleikarnir reyna á samstarfið og meðal viðbragða við þeim er uppgangur lýðskrumara, sem ala á sundrungu, þjóðrembu og efnahagslegri einangrunarstefnu.

Hafi sagan kennt Evrópu eitthvað er það að slíkar hugmyndir leiða okkur út í ófrið og örbirgð. Leiðin til friðar og velsældar liggur áfram um æ nánara samstarf Evrópuríkja.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

ALMENNI LÍFEYRISSJÓÐURINN




Almenni lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum á fund í hádeginu 17. október.

- Hver hefur ávöxtun sjóðsins verið á árinu?
- Hvar eiga sjóðfélagar að ávaxta séreignarsparnaðinn sinn?

Fundurinn verður haldinn í húsnæði sjóðsins í Borgartúni 25, 5. hæð.
Skráðu þig á www.almenni.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ferilskráin

Landsbankinn kynnti nýjan starfsmann til sögunnar í gær. Sá heitir Ragnhildur Geirsdóttir og er tekinn við Rekstrar- og upplýsingatæknisviði bankans. Með tilkynningu frá bankanum fylgir heljarinnar ferilskrá, þar sem menntun Ragnhildar er tíunduð, sem og starfsferill. Þar má lesa um að hún hafi verið forstjóri Promens um árabil, þar áður verið í forystusveit Icelandair og forstjóri félagsins undir það síðasta, og setið í stjórnum um hvippinn og hvappinn – hjá Landsbréfum, Skeljungi, Kauphöllinni og víðar. Allt er þetta satt og rétt.



### Eitt sem vantaði

Eða svona næstum því. Þeir sem voru ekki að vakna í gær úr tíu ára dásvefni tóku eftir að eitt nafn vantaði í tilkynninguna. Ragnhildur var nefnilega aldrei forstjóri fyrirtækis sem heitir Icelandair. Ástæða þess að almenningur þekkir Ragnhildi er sú að hún var forstjóri FL Group um það leyti sem allt var að fara þar í tóma vitleysu og fékk 130 milljóna króna starfslokasamning sem margir álitu vera greiðslu fyrir að þegja – þótt hún hafi neitað því. Hvergi er minnst á FL Group í tilkynningunni.



### Ragnhildarfrumvarpið

Degi eftir að RÚV sýndi heimildarmynd Herdísar Þorvaldsdóttur um skaðræðið sem íslenska sauðkindin vinnur í náttúru Íslands lögðu Mörður Árnason og Birgitta Jónsdóttir fram frumvarp að lögum um búfjárbeit sem er sérstaklega tileinkað Herdísi. Þetta er skemmtileg nýbreytni. Á næsta sunnudag sýnir RÚV heimildarmyndina Hrafnhildi, um baráttu transgenderfólks. Það hlýtur að bjóða upp á frumvarp tileinkað dagskrárgerðarkonunni Ragnhildi Steinunni Jónsdóttur.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Skiptar skoðanir um stjórnarskrá

Ný stjórnarskrá



Salvör Nordal
fyrrverandi formaður stjórnlagaráðs



Ari Teitsson
fyrrverandi varaformaður stjórnlagaráðs

Í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslunnar 20. október hefur sem betur fer orðið veruleg umræða um frumvarp stjórnlagaráðs. Margir sem voru fulltrúar í stjórnlagaráði hafa látið til sín taka eins og eðlilegt er og gerir það hver og einn á eigin forsendum enda lauk stjórnlagaráð störfum á miðju sumri 2011.

Skoðanir ráðsmanna á atkvæðagreiðslunni, einstökum spurningum og því hvað taki við eru augljóslega verulega skiptar. Pawel Bartoszek segist ekki munu greiða frumvarpinu atkvæði sitt nú vegna þess að það er ekki fullbúið en Þorvaldur Gylfason telur að í framhaldi af atkvæðagreiðslunni hafi Alþingi ekki heimild til að gera annað en minniháttar orðalagsbreytingar á frumvarpinu.

Við lokaafgreiðslu í stjórnlagaráði sumarið 2011 greiddu sannarlega allir fulltrúar ráðsins atkvæði með frumvarpinu en engu að síður voru skoðanir skiptar um margt eins og hæglega má sjá í fundargerðum ráðsins t.d. um atkvæðagreiðslur um einstakar greinar. Í atkvæðaskýringum sumra fulltrúa kom m.a. fram að þeir litu ekki á frumvarpið sem endanlegt plagg heldur væntu þeir þess að Alþingi tæki það til ýtarlegrar umræðu og lögfræðilegrar greiningar. Nú stendur sú greining yfir en mun, því miður, ekki ljúka eða vera gerð opinber fyrr en eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna.

Þótt tímasetning atkvæðagreiðslunnar og orðalag spurninga í kosningunum 20. október sé alls ekki hafin yfir gagnrýni, hafa fyrirhugaðar kosningar kallað fram mikla umræðu um stjórnarskrána.

Innan stjórnlagaráðs voru skiptar skoðanir á því við starfslok hvernig best væri að Alþingi tæki á frumvarpinu og hvenær þjóðaratkvæðagreiðsla væri tímabær. Það var ekki stjórnlagaráðs að ákveða heldur Alþingis sem samkvæmt gildandi stjórnarskrá ber allar skyldur til að virða réttar leikreglur.

Alþingi Íslendinga ákvað atkvæðagreiðsluna og þær spurningar sem lagðar verða fyrir kjósendur um næstu helgi. Eftir kosningar kemur það í hlut Alþingis að túlka niðurstöður þeirra og ákveða næstu skref í málinu. Það er því fyrst og fremst skylda alþingismanna að skýra fyrir kjósendum nú í aðdraganda kosninga hvað þeir höfðu í huga með einstökum spurningum og hvernig þeir muni túlka svör við einstökum spurningum og samspil þeirra. Stjórnlagaráð ræður þar engu því þegar öllu er til skila haldið ber Alþingi ábyrgð á breytingum á stjórnarskránni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Læknar og tæknin

HEILSA

Teitur Guðmundsson
læknir



Það er merkilegt hversu hratt allri tækniþróun hefur fleygt fram á undanförnum árum og hún hefur sannarlega ekki farið fram hjá læknisfræðinni samhliða því sem hún umbyltir samfélaginu. Í dag erum við vön því að notast við Internetið til að afla okkur upplýsinga og að sjálfsögðu einnig um sjúkdóma, greiningu og horfur. Sjúklingar sem koma til læknis í dag eru vel að sér og búa jafnvel yfir þekkingu sem læknirinn hefur ekki haft ráðrúm til að afla sér. Í sumum tilvikum er einstaklingur með öflugan snjallsíma og 3G-tengingu fljótari á netið á stofunni en læknirinn í borðtölvunni. Það eru breyttir tímar og þeir eru skemmtilegir.

Með tilkomu fésbókar eru allir orðnir vinir og getur hver lækað annan í tíma og ótíma og fólk eyðir mikilli orku í að líta vel út í augum þeirra sem skoða prófíl þeirra. Í dag er yngri kynslóðin orðin svo tengd þessum vef að hún sendir skilaboð í gegnum hann fremur en að senda tölvupóst þar sem hún er hvort eð er nær stanslaust tengd í gegnum símann sinn. Svo er hægt að tísta líka eins og margar stjörnur gera sem eiga marga aðdáendur. Læknar hafa lítið notað fésbók hérlendis, en erlendis eru barnalæknar til dæmis að nota hana sem samskiptatæki við unglinga og gengur þeim mjög vel, þá hafa þeir einnig tekið í notkun Twitter og tísta skilaboðum til þeirra um hin ýmsu málefni.

Við höfum þó tekið í notkun SMS skilaboð, í það minnsta vegna tímabókana, en síður þegar kemur að því að senda læknisfræðilegar upplýsingar. Allt er þetta gerlegt, en umræðan erlendis snýst um það að komast inn í síma ungmennanna til að ná athygli þeirra, svo er bara spurningin um trúnaðinn og hvort þær upplýsingar sem fara á milli aðila með þessum hætti séu öruggar og ekki aðgengilegar öðrum. En herferðir og forvarnir sem eiga að ná til unglinga og yngra fólks eiga vel heima þarna og ættum við að leggja áherslu á slíka nálgun auk þeirra hefðbundnari.

Það eru fleiri nýjungar sem hafa gert læknalífið skemmtilegra, þar má nefna spjaldtölvur og möguleikana sem þær gefa varðandi upplýsingagjöf og fræðslu. Heilmikið er til af góðu efni sem hægt er að nota til að útskýra og fræða einstaklinginn með, fyrir utan það hversu handhægar þær eru. Spjaldtölvur eiga til dæmis heima í vasa læknasloppsins á sjúkrahúsinu, en ég er reyndar þeirrar skoðunar að á nútímalegri læknastofu eigi að vera stór snertiskjár líkt og spjaldtölvurnar því myndræn framsetning á efni skilar sér betur og hraðar. Ímyndið ykkur að hafa allar nauðsynlegar upplýsingar, myndir, rannsóknarniðurstöður og margt fleira aðgengilegt á einum skjá auk þess að geta á auðveldan hátt útskýrt fyrir sjúklingi vandamál hans. Tilraunir með slíkt eru komnar áleiðis erlendis og vonandi verðum við fljót að tileinka okkur þessa tækni á Íslandi.

Ég er þess einnig fullviss að meira mun verða um fjarlækningar í framtíðinni en verið hefur,

> Hér er þróunin á ógnarhraða og við verðum að fylgjast vel með svo við missum ekki af lestinni.

en með þeirri tækni sem þegar er komin er hægt með góðu móti að hringja myndsímtöl þar sem læknirinn getur séð t.d. áverka, sýkingar og margt fleira á allt að fullnægjandi hátt til að greina og jafnvel meðhöndla sjúklinginn. Nauðsynlegt er einnig að minnast á þá möguleika sem mælitæki geta sent frá sér svo hægt sé að meta lífsmörk viðkomandi og bregðast við þeim. Hér er þróunin á ógnarhraða og við verðum að fylgjast vel með svo við missum ekki af lestinni.

Að öllu þessu sögðu er ég samt hrifnastur af því að hitta sjúklinginn í eigin persónu, en vil gjarnan nýta þessa möguleika til fullnustu samfara því. En eins og Voltaire sagði eitt sinn kaldhæðnislega „læknislistin felst í því að skemmta sjúklingnum á meðan náttúran læknar sjúkdóminn“.

# „Hrapalleg mistök“ Bjarna

Gjaldmiðlar

Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðherra



Skákblinda heitir það, þegar menn leika hroðalega af sér á taflborðinu. Bjarni Benediktsson lék illa af sér fyrir hönd Íslands þegar hann lýsti yfir að hann vildi slíta aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið.

Tillaga hans gengur þvert á niðurstöðu nýlegrar skýrslu Seðlabankans, sem segir það svart á hvítu að Íslendingar þurfi að velja á milli tveggja kosta í gjaldmiðilsmálum: Halda krónunni í einhvers konar höftum, eða ganga í Evrópusambandið og taka upp evru í bættum herklæðum.

Í því ljósi er beinlínis skaðlegt hagsmunum Íslendinga að taka af landsmönnum þann möguleika að velja á milli þessara tveggja kosta. Það felst þó í stefnu Bjarna.

Skýrsla Seðlabankans svipti burt þeirri goðsögn að krónan væri tæki til að jafna sveiflur. Niðurstaðan var þveröfug. Krónan sjálf er uppspretta sveiflna – segir skýrslan. Hún er sveifluvaki fremur en sveiflujafnari. Krónan leiðir beinlínis til hærri vaxta. Evran á hinn bóginn jafnar sveiflur, lækkar vexti, gæti lækkað viðskiptakostnað árlega um 5-15 milljarða króna og aukið vöruviðskipti um 65 – 179 milljarða króna á ári. Íslendingar munu hins vegar aldrei eiga þess kost að velja að njóta þessara ávinninga evrunnar ef stefna Bjarna Benediktssonar nær fram að ganga.

Það væri því beinlínis í andstöðu við hagsmuni þjóðarinnar að taka upp stefnu Bjarna um að slíta viðræðunum við Evrópusambandið og taka þannig frá Íslendingum þann möguleika að Íslendingar gætu einhvern tíma í framtíðinni tekið upp evruna telji landsmenn það farsælast fyrir hagsmuni þjóðarinnar.

Einn farsælasti formaður og forsætisráðherra Sjálfstæðisflokksins síðustu áratugi, Þorsteinn Pálsson, sagði að með þessu yrðu Bjarna á hrapallegustu mistök í utanríkispólitískum efnum, sem nokkur formaður Sjálfstæðisflokksins hefði nokkru sinni gert. Þyngri dóm er ekki hægt að fella.

Rifja má upp, að landsfundur Sjálfstæðisflokksins felldi, ekki einu sinni heldur tvisvar, tillögu um að slíta viðræðum við ESB. Í hvaða umboði talar þá formaður Sjálfstæðisflokksins?

Ert þú að nýta möguleika þína?

Fjölbreytt úrval námskeiða sem auka atvinnuréttindi þín en einnig skemmtileg tómstundanámskeið við allra hæfi.

Hönnun og handverk

Olíumálun
Fyrir byrjendur og lengra komna.
Hefst 31. október.

Skrautskrift – Italic Calligraphy
Fyrir byrjendur. Hefst 12. nóvember.

Smíðað úr innlendum við
Kynning á innlendum við, sýnikennsla og verkleg þjálfun. Hefst 6. nóvember.

Steinaslípun
Vinnustofa við steinaslípun; hugmyndavinna, mótun, sögun og pólering. Hefst 31. október.

Teikning
Fyrir byrjendur og lengra komna.
Hefst 22. október.

Málmur

Málmsuða
Hefst 5. nóvember.

Raftækni

Leikhúslýsing fyrir áhugaleikhús
Helgarnámskeið 10. og 11. nóvember.

Skipstjórn – vélstjórn

ARPA ratsjárnámskeið
Grunnnámskeið. Hefst 29. október.
Endurnýjun. Haldið 31. október.

ECDIS
ECDIS rafrænt sjókorta- og upplýsingakerfi.
Hefst 12. desember.

Endurnýjun skipstjórnarréttinda
Hefst 5. nóvember.

GMDSS ROC og GOC
Hefst 26. nóvember.

Hásetafræðsla
Hásetafræðsla - aðstoðarmaður í brú.
Hefst 3. desember.

IMDG endurnýjun
Haldið 14. desember.

Skemmtibátanámskeið
Undirbúningsnámskeið fyrir skemmtibátapróf.
Kennt í fjarnámi. Hefst 22. október.

Smáskipanámskeið
Áður 30rl réttindanám (pungapróf). Kennt í staðarnámi eða fjarnámi. Hefst 22. október.

Smáskipavélavörður – vélgæsla
Hefst 22. október.

SSO og CSO öryggisnámskeið
Fyrir verndarfulltrúa skipa (SSO) og verndarfulltrúa fyrirtækja (CSO). Hefst 27. nóvember.

Tölvur og upplýsingatækni

App fyrir Android
Helgarnámskeið 27. og 28. október.

App fyrir iPhone | iPad
Helgarnámskeið 20. og 21. október.

Hljóðsetning fyrir vídeó og leiki
Haldið laugardaginn 17. nóvember.

iPad | iPhone grunnur
Tveggja kvölda námskeið þar sem farið er yfir öll helstu atriði við notkun á tækjunum.
Hefst 16. október.

iPad | iPhone framhald
Kvöldnámskeið fyrir þá sem hafa grunnþekkingu á iPad eða iPhone og hafa aðgang að App Store.
Haldið 23. október.

jQuery
Viltu setja meira líf á vefsíðuna þína með jQuery? Lærðu grunninn á þessu námskeiði.
Hefst 29. október.

Ljósmyndanámskeið
Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla.
Hefst 22. október.

Mudbox
Grunnnámskeið í Mudbox áferðarforritinu.
Hefst 13. nóvember.

Myndvinnsla í Photoshop
Grunnnámskeið í myndvinnslu með Photoshop.
Hefst 13. nóvember.

CCNA Discovery 3
Netkerfisstjórnun – leiðagreining og beining í fyrirtækjum. Hefst 3. nóvember.

Revit Architecture
Grunnnámskeið. Hefst 22. október.
Framhaldsnámskeið. Hefst 19. nóvember.

Revit Rendering
Hefst 12. desember.

SketchUp þrívíddarteikning
Fyrir margvíslegar teikningar. Hefst 15. nóvember.

Tölvuleikjagerð í þrívídd
Hefst 12. nóvember.

Þrívíddarhönnun
Skemmtilegt námskeið fyrir þá sem vilja læra þrívíddarvinnslu fyrir teiknimyndir, tölvuleiki og tæknibrellur. Hefst 18. október.

Þrívíddarkarakterhönnun í Maya
Grunnnámskeið. Hefst 30. október.

Umhverfi og útivist

GPS staðsetningartæki og rötun
Hefst 13. nóvember.

Skráning og nánari upplýsingar:
www.tskoli.is/namskeid | endurmenntun@tskoli.is
Sími 514 9602

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is




# Einstakt og sögulegt tækifæri

Ný stjórnarskrá

Ólína Þorvarðardóttir
alþingismaður



Þjóð sem vaknar upp við afleiðingar spillingar, leyndarhyggju og stjórnsýsluleti, líkt og við Íslendingar gerðum haustið 2008 – þjóð sem vaknar upp við það að löggjöf landsins og stjórnarskrá eru ekki þess megnug að veita spillingar- og græðgisöflum viðnám – sú þjóð hlýtur að kalla eftir nýjum samfélagssáttmála. Það hafa aðrar þjóðir gert í svipuðum sporum, þær hafa sett sér nýjar stjórnarskrár.

Og fólkið krafðist nýrrar stjórnarskrár eftir hrunið 2008. Í sama streng tók Rannsóknarnefnd Alþingis er hún lagði til endurritun stjórnarskrárinnar til þess að „skýra betur meginskyldur, ábyrgð og hlutverk valdhafa“. Alþingi hlustaði, og svaraði kallinu. Að vísu gekk það ekki snurðulaust, eins og margir muna. Upp risu öfl á Alþingi sem vilja ekki nýjan samfélagssáttmála, heldur standa vörð um óbreytt ástand. Það eru fulltrúar þeirra sem sáu ekkert athugavert við það að tveir menn tækju einhliða ákvörðun, án samráðs við Alþingi, hvað þá samfélagið allt, um að gera Ísland óbeinan aðila að Íraksstríðinu. Það eru öflin sem vilja að fámenn stétt manna höndli með þjóðarauðlindir og skili helst engu til samfélagsins. Öflin sem amast við því að almenningur sé upplýstur um mikilvæg mál, aðsteðjandi umhverfisvá eða mengunarhættu. Öflin sem vilja ganga um náttúru Íslands af sama skeytingarleysi og gengið var um fjárhirslur bankastofnana, lífeyrissjóða og ríkissjóðs í aðdraganda hrunsins, þ.e. sem ótæmandi kistu sem óþarfi sé að fylla á ný. Öflin sem gripið hafa huliðshendi um leynda valdaþræði og vilja halda þeim, vilja stjórna í krafti leyndar og ógagnsæis.

Það eru þessi öfl sem hamast nú gegn þjóðaratkvæðagreiðslunni um inntak nýrrar stjórnarskrár þann 20. október. Helsti málsvari þeirra, ritstjóri Morgunblaðsins, fer mikinn. Sömuleiðis ýmsir þingmenn og frambjóðendur, sem reyna nú að snúa kosningunni upp í flokkspólitísk átök milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Einn gekk svo langt að tala um að stjórnarskráin innihéldi „pólitísk stefnumál flokkanna“ og myndi „skapa óróleika og uppnám“ í samfélaginu. Þess vegna væri brýnt fyrir landsmenn „að rísa gegn“ breytingum á stjórnarskránni. Þetta er svo fráleitur og rakalaus málflutningur að fátítt hlýtur að teljast.

> Auðséð er á tillögum stjórnlagaráðs að þær eru samdar af ríkri virðingu fyrir gildandi stjórnarskrá.

Í þjóðaratkvæðagreiðslunni munu kjósendur taka afstöðu til niðurstöðu 950 manna þjóðfundar sem lagði grunngildin að því plaggi sem stjórnlagaráð hefur nú lagt fram og Alþingi hefur ákveðið að leggja fyrir þjóðina. Það verður þjóðin sem segir af eða á varðandi þau álitamál sem uppi eru, þ.e. um hvort stjórnarskráin skuli innihalda ákvæði um þjóðkirkju, auðlindir í þjóðareigu, stöðu náttúrunnar, upplýsingaskyldu stjórnvalda til almennings og jafnt atkvæðavægi.

Atkvæðagreiðslan verður ekki flókin. Fólk er spurt hvort það vilji að tillögur stjórnlagaráðs liggi til grundvallar þegar Alþingi útbýr endanlega gerð frumvarps að nýrri stjórnarskrá, eins og lög kveða á um. Auk þess gefst fólki kostur á að svara fimm spurningum um einstök ákvæði sem skiptar skoðanir hafa verið um. Það þýðir að þingið muni taka við ráðgjöf þjóðarinnar varðandi þau fimm atriði. Fari svo ólíklega að þeim verði hafnað í atkvæðagreiðslunni, standa önnur 109 atriði frumvarpsins óhögguð ef meginþorri kjósenda segir já við fyrstu spurningunni. Svo einfalt er það.

Auðséð er á tillögum stjórnlagaráðs að þær eru samdar af ríkri virðingu fyrir gildandi stjórnarskrá. Öll helgustu vé núgildandi stjórnarskrár er að finna í nýju tillögunum. Viðbæturnar lúta að viðfangsefnum sem knúið hafa dyra eftir 1944, eftir því sem samfélag okkar hefur þróast.

Nú liggur upplýsingarit inni á heimilum landsmanna, þar sem gerð er góð grein fyrir stjórnarskrármálinu, aðdraganda þess og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Þetta rit gefur foreldrum kærkomið tilefni til þess að ræða málið við ungmennin á heimilunum, ekki síst þau sem eru að fá kosningarétt. Ritið opnar stjórnarskrá Íslands fyrir almenningi og er gott verkfæri fyrir hvern og einn að rifja upp þau grunngildi sem við Íslendingar viljum standa fyrir og halda í heiðri.

Er við göngum að kjörborði þann 20. eigum við þess kost að leggja okkar af mörkum til þess að skapa þá grunngerð sem stjórnvöldum og helstu stofnunum samfélagsins, líkt og almenningi, ber að fara eftir. Þetta er einstakt og sögulegt tækifæri sem við hljótum að taka fagnandi og af þeirri samfélagslegu ábyrgð sem felst í því að taka þátt.

# Sighvatur getur sagt „nei“ án vandkvæða

Ný stjórnarskrá

Reimar Pétursson
hæstaréttarlögmaður



Sighvatur Björgvinsson skrifar grein í Fréttablaðið 11. okt. 2012 um komandi ráðgefandi kosningar um stjórnarskrármál. Hann er skiljanlega í vanda með hvernig hann á að svara þeim óskýru spurningum sem stendur til að leggja fyrir þjóðina.

Hann lýsir sig „ósammála sumum“ tillögum stjórnlagaráðs en „sammála öðrum“ og vill ekki að vinnu að baki tillögunum „verði hent út í hafsauga“. En þar sem hann sé ósammála sumum tillögunum geti hann ekki sagt „já“.

Málið vandast hins vegar þegar hann segir að mín afstaða til málsins geri honum ókleift að segja „nei“ við tillögunum. Hann segir mig telja að „nei“ leiði til þess að „þá eigi að leggja tillögurnar til hliðar og ekki taka mark á þeim meir“. Sighvatur segist því standa frammi fyrir því að geta hvorki sagt „já“ eða „nei“.

Upp virðist kominn óleysanlegur hnútur! Lausnin er hins vegar einföld. Í reynd er ástæðulaust að ætla minni afstöðu til tillagna stjórnlagaráðs svona mikið hlutverk. Þótt ég sé á móti tillögum stjórnlagaráðs hef ég aldrei lagst gegn því að gerðar séu skynsamlegar breytingar á stjórnarskránni með víðtækri sátt.

Kjarni málsins er hins vegar sá að ég er ekki að leggja spurningarnar fyrir þjóðina heldur er það löggjafinn. Löggjafinn getur því unnið með tillögur stjórnlagaráðs með þeim hætti sem hann telur sæmandi eftir atkvæðagreiðsluna.

Þá er vandi Sighvats leystur. Nú getur hann sagt „nei“ án vandkvæða. Hann getur svo talað við þingmenn eftir kosningarnar og unnið að framgangi þeirra tillagna stjórnlagaráðs sem honum finnast skynsamlegar. Þeir sem eru ósammála honum geta unnið að hinu gagnstæða.

# Illvilji

Ný stjórnarskrá

Brynjar Níelsson
hæstaréttarlögmaður



Guðrún Pétursdóttir, formaður stjórnlaganefndar, sem sá um framkvæmd þjóðfundarins, skrifaði grein í Fréttablaðið á föstudaginn síðastliðinn og sakar mig um ósannindi og illvilja í skrifum mínum um tillögur stjórnlagaráðs og framkvæmd þjóðfundarins. Í grein minni sagði ég orðrétt: „Á hverju borði voru leiðbeinendur á vegum stjórnvalda sem leiddu umræðurnar og auðvelt er að sjá af frumgögnum hvernig það hafði áhrif á umræðuna“. Ósannindin og illviljinn virðist hafa komið fram í þeim orðum mínum ef ég skil grein Guðrúnar rétt.

En hvar liggja ósannindin og illviljinn í þessari setningu? Þjóðfundurinn var á vegum stjórnvalda, sem skipuðu stjórnlaganefnd, sem aftur sá um framkvæmd þjóðfundarins. Á hverju borði var „lóðs“ og eins og allir vita leiðir lóðsinn. Við getum svo deilt um það hvort og hvernig það hafði áhrif á umræðuna á þjóðfundinum.

Ég efast ekki eitt augnablik um það að lóðsar og aðrir sem komu að framkvæmd þjóðfundarins hafi starfað að heilum hug, af einlægni og drenglyndi og reynt að gæta hlutleysis. Gagnrýni mín lýtur að fyrirkomulagi þjóðfundarins en ekki að óheiðarleika stjórnlaganefndar eða starfsmanna hennar. Það er hins vegar alltaf svo í hópavinnu að einhver er leiðandi og hefur áhrif á aðra. Um það ber þjóðfundarfulltrúum, sem ég hef rætt við, saman. Það er mín skoðun að þetta fyrirkomulag þjóðfundarins henti afar illa til að fá fram raunverulegan vilja þjóðarinnar.

Kosningaþátttaka þjóðarinnar í stjórnlagaþingskosningunum endurspeglar heldur ekki vilja þjóðarinnar til að kollvarpa stjórnarskránni eins og sumir vilja túlka niðurstöðu fundarins.

Guðrún Pétursdóttir virðist vera af þeirri tegund fólks sem telur að andstæðar skoðanir, við sínar eigin, megi rekja til illvilja og jafnvel mannvonsku. Slíkt fólk hefur verið meira áberandi eftir hrun bankanna en áður. Við Guðrún hljótum að geta deilt um það og hvort fyrirkomulag þjóðfundarins sé slæmt eða gott til að fá fram þjóðarvilja án þess að saka hvort annað um illvilja.


ÖRYGGI OG GOTT VERÐ!
Fleiri kílómetrar fyrir hverja krónu
HANKOOK
EF ÞÚ VILT GÆÐA-
VÖRU Á GÓÐU VERÐI!
Winter i*Pike
i*Pike W605
Frábær umhverfisvæn heilsársdekk
HANKOOK
driving emotion
Margir af þekktustu bílaframleiðend-
um í heimi kjósa að búa nýja bíla sína
dekkjum frá Hankook. Ástæðurnar eru
mikil gæði, frábært verð og öryggi. Meðal
þeirra eru BMW, Audi, VW og Ford.
Breiðari snertiflötur
Hefðbundið dekk
Winter i*Pike
Samanborið við hefðbundin
dekk er snertiflötur
Hankook Winter iPike um
17% stærri. Það styttir
bremsuvegalengd í snjó og
hálku og veitir aukið öryggi.
VAXTALAUSAR
12 MÁN
AFBORGANIR
3,5% lántökugj.
BARÐINN
– Síðan 1941 –
SKÚTUVOGI 2 | 104 REYKJAVÍK | SÍMI 568 3080 | WWW.BARDINN.IS

# Hinir fjölbreyttu þræðir

Stjórnmál
Árni Páll Árnason
alþingismaður



Þegar Samfylkingin var stofnuð kom saman fólk úr ólíkum flokkum með langa sögu og líka fólk sem aldrei hafði fundið sér stað í því gaddfreðna flokkakerfi sem hér hafði myndast. Það var þörf fyrir ný stjórnmál. Fjölskyldur upplifðu að deila sömu samfélagssýn en kjósa þrjá eða fjóra ólíka flokka. Merkimiðarnir skiptu orðið miklu meira máli en innihaldið.

Ákvörðunin um stofnun Samfylkingarinnar fól í sér sögulega tilraun til að skapa stóran flokk sem yrði stærri en summa þeirra flokka sem lögðu starf sitt til hans. Og sú tilraun tókst. Fylgi Samfylkingarinnar hefur á árunum 2002-2009 verið meira en fylgi gamalgróinna jafnaðarflokka á flestum Norðurlandanna. Okkur hefur tekist heldur betur en hinum gömlu systurflokkum að halda í fjöldafylgi á tímum mikilla samfélagsbreytinga. Við þurfum að halda því áfram.

Þessi sérstaki arfur skilar fjölþættum flokki.

Samfylkingin er auðvitað höfuðflokkur jafnaðarmanna og hefur – og forverar hennar áður – barist frá fornu fari fyrir afkomuöryggi fólks, frelsi, mannréttindum og jöfnum tækifærum. Verkalýðshreyfingin hefur verið bandamaður okkar í því verkefni í meira en hundrað ár og hún á að vera það áfram. Þessi saga er stoðin sem við reisum á hugmyndina um öfluga og vel rekna velferðarþjónustu, sem veitir þjónustu eftir þörfum, óháð efnahag. Og ef tækifærin eiga að vera annað en orðin tóm þarf fjölbreytta menntun, við hæfi hvers og eins.

Samfylkingin er líka kvenfrelsishreyfing og nýtur þeirrar arfleifðar ríkulega í störfum sínum. Upphaf íslenskrar kvennahreyfingar nær aftur fyrir stofnun fyrstu verkalýðsfélaganna. Baráttan gegn mismunum borgaranna, hverju nafni sem hún nefnist, er og verður kjarni framsækinnar jafnaðarstefnunnar. Allir eiga rétt til að njóta eigin verðleika. Vegna þessa hugmyndaarfs leggjum við áherslu á rétt fólks til að ráða eigin lífi og flokkum fólk ekki í hópa eftir þjóðfélagsstöðu. Þeir sem þurfa þjónustu við vegna félagslegra aðstæðna eiga rétt til hennar og eiga að hafa ákvörðunarvald um hvernig hún er veitt.

Samfylkingin er grænn flokkur og hefur lagt meira af mörkum en nokkur annar til að koma á farsælli sambúð nýtingar og verndunar náttúrugæða. Rányrkja er jafn óásættanleg gagnvart komandi kynslóðum og hún er gagnvart núlifandi jarðarbúum. Krafan um að almenningur fái ávallt endurgjald fyrir afnot af sameiginlegum auðlindum og að auðlindir séu nýttar með sjálfbærum hætti í almannaþágu er kjarni auðlinda- og umhverfisstefnu Samfylkingarinnar í anda sjálfbærrar þróunar.

Samfylkingin er frjálslyndur flokkur einkaframtaks. Einkaframtak skapar störf, sem eru mikilvægasta stoð félagslegs réttlætis. Jafnaðarmenn brutu niður einokunaraðstöðu forréttindahópa og sköpuðu almenn skilyrði fyrir frjálsri samkeppni í íslensku efnahagslífi. Við viljum frelsi á markaði en líka ríka ábyrgð. Þess vegna þarf skýrar leikreglur um markaðinn sem tryggja félagslegt réttlæti og takmarka ábyrgðarlausa gróðasókn. Þess vegna höfum við til dæmis hert regluverk á fjármálamarkaði og aukið tapsáhættu fjármálafyrirtækja og þess vegna þarf að takmarka siðlausa smálánastarfsemi.

Samfylkingin er flokkur alþjóðahyggju og þjóðfrelsis. Við höfum varið stjórnarfarslegt og efnahagslegt sjálfstæði Íslands á óvissutímum og erum óhrædd við þátttöku í alþjóðasamstarfi til að styrkja það frekar. Varðstaða um hagsmuni Íslands er helsta ástæða þeirrar stefnu okkar að sækja um aðild að Evrópusambandinu.

Samfylkingin er flokkur stjórnfestu. Í litlu landi þarf öðru fremur ljósar og réttar leikreglur og betri umgjörð um ákvarðanir. Við verðum að krefjast fagmennsku, fjölbreytileika og vandaðra vinnubragða í hverri grein – líka í stjórnmálunum.

Síðast en ekki síst er Samfylkingin flokkur samstöðu og samvinnu á forsendu almannahagsmuna. Það er Samfylkingarinnar að leiða ólík öfl til farsællar sameiginlegrar niðurstöðu.

Þessi fjölbreytileiki er einstæður heimanmundur og á að gefa Samfylkingunni sérstakan styrk til að leiða fordómalaust samtal um úrlausn erfiðra ágreiningsmála á vettvangi stjórnmálanna. Það er mikilvægasta verkefni Samfylkingarinnar að leysa þennan kraft úr læðingi og nýta hann til góðs.

# Ísland er land þitt. Ef þú kýst

Ný stjórnarskrá
Stefán Jón Hafstein
sviðsstjóri hjá Þróunarsamvinnustofnun Íslands



Rétt fyrir páska dó forseti Malaví skyndilega. Óvissa og ótti greip um sig meðal fylgismanna í valdaflokknum, fregnum var haldið leyndum og reynt að búa til þá sögu að hann væri kominn í aðgerð í Suður-Afríku. Allir í heiminum vissu að forsetinn var látinn, nema almenningur í Malaví sem átti ekkert að vita. Ástæðan var sú að varaforsetinn hafði nýlega verið rekinn úr valdaflokknum og stofnað nýjan flokk. Stjórnarskrá Malaví segir skýrt að verði forseti óstarfhæfur taki varaforseti við. Skotið var á klíkufundi helstu ráðamanna og leitað leiða fram hjá þessu ákvæði svo setja mætti bróður forsetans látna í embætti. Fremja valdarán. Reynt var að búa til „óvissuástand“ og skálda stjórnskipulegar eyður. En þegar klíkumönnum varð ljóst að æðstu menn í dómskerfi og her myndu ekki fylgja þeim var „óvissu aflétt“, forsetinn lýstur látinn og varaforsetinn tók við.

### Hentirök gegn stjórnarskránni

Valinkunnir menn stóðu vörð með skýra stjórnarskrá Malaví að vopni. Á Íslandi höfum við sem betur fer ekki lifað tilraunir til valdaráns. En við höfum séð nokkrar tilraunir til að vega að stjórnarskránni, rangtúlka hana í hagsmunaskyni og stunda „valdaskilgreiningu“ utan við lög og rétt. Þegar fjölmiðlalögin alræmdu voru í undirbúningi 2004 staðhæfðu óbilgjarnir menn að forseti hefði ekki synjunarvald, sem stjórnarskráin kveður á um, af því að ákvæðið hefði aldrei verið notað. Pólitískum ragnarökum var hótað, með óbærilegu „óvissuástandi“. Sagan hefur dæmt þá menn. Þeim tókst samt að brjóta gegn stjórnarskránni með því að ógilda þau lög sem forseti vísaði til þjóðaratkvæðagreiðslu og hafa þannig af þjóðinni stjórnarskrárvarinn rétt til að greiða atkvæði um þau. Engin valdastofnun reis þá upp stjórnarskránni til varnar. Enn var hentirökum beitt þegar ábyrgð ráðherra vegna hrunsins var á dagskrá. Í stjórnarskrá segir: „Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál.“ Menn sem vilja láta taka sig alvarlega héldu fram að stjórnarskráin gilti ekki hvað þetta varðar. Væri úrelt. Annað kom á daginn. Svo einkennilegt sem það er berjast nú sömu hjarðmenn hentistefnunnar gegn breytingum á stjórnarskránni sem samþykkt var til bráðabirgða 1944 og kalla „atlögu að stjórnskipan“. Þeirri sömu stjórnskipan og þeir hafa oft véfengt sjálfir. Stjórnarskráin þarf að vera skýrari og taka verður af mörg tvímæli, hún má ekki vera fórnarlamb hentiraka eins og við þekkjum úr samtíma.

### Setjum valdi skorður

Sú tillaga að breytingum sem stjórnlagaráð samþykkti er stórmerkilegt plagg og mun færa marga hluti til betri vegar. Sérstaklega ber að fagna ákvæði þess efnis að almenningi sé fær leið til að setja valdi skorður, krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um það sem aflaga fer hjá Alþingi og ríkisstjórn. Ákvæði um rétt til upplýsinga er mikilvægt. Skýrari ákvæði um hlutverk forseta. Gleggri aðskilnaður framkvæmdavalds og löggjafarvalds. Þjóðaratkvæðagreiðslan þar sem almenningi gefst kostur á að segja álit sitt á grundvallaratriðum málsins er fagnaðarefni. Allir eiga erindi á kjörstað. Þó ekki væri nema til að segja já við þessari spurningu: „Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði náttúruauðlindir sem ekki eru í einkaeigu lýstar þjóðareign?“ Ísland er land þitt. Ef þú kýst.

# Löglegt en siðlaust misrétti

Trúmál
Jóhanna Harðardóttir
blaðamaður og Kjalnesingagoði



Dómur féll í máli Ásatrúarfélagsins gegn ríkinu í nóvember 2006 þar sem fjallað var um greiðslur sambærilegar þeim sem þjóðkirkjan hefur þegið af ríkinu.

Skemmst er frá því að segja að Ásatrúarfélagið tapaði því máli, en dómurinn komst þó að þeirri niðurstöðu að Jöfnunarsjóður sókna gerði upp á milli trúfélaga þótt greiðslur úr sjóðnum væru ákvarðaðar með lögum. Sum sé, löglegt en siðlaust.

Ásatrúarfélagið tók ákvörðun um að áfrýja málinu til Mannréttindadómstólsins til að freista þess að ná fram réttlæti, en nú hefur einnig það hálmstrá brugðist þar sem málinu var vísað frá dómi í byrjun október 2012.

Alltof lengi hefur Ásatrúarfélagið látið yfir sig ganga mismunun af hálfu hins opinbera og það þegjandi og hljóðalaust. Hér skal skýrt tekið fram að félagið fer aðeins fram á að jafnrétti ríki meðal landsmanna hverrar trúar sem þeir eru, eins og segir til um í stjórnarskrá og mannréttindalögum, en tekur ekki afstöðu gegn öðrum trúfélögum eða greiðslum til þeirra að neinu leyti.

Staðreyndir eru ljósar varðandi mismunun á stuðningi við landsmenn eftir því hvar í trúfélög þeir skipa sér. Því verður aldrei á móti mælt að þjóðkirkjan hefur stuðning ríkisvaldsins sem tryggir henni gífurlegar fjárhæðir í gegnum opinbera sjóði og ýmsa styrki. Allar eru þessar greiðslur komnar úr vösum skattborgaranna, þ.m.t. ásatrúarmanna og annarra þegna sem standa utan þjóðkirkjunnar.

Og nú kann einhver að draga fram þessi margnotuðu rök; „en þjóðkirkjan ber ábyrgð og skyldur gagnvart öllum landsmönnum.“ Svo kann vel að vera, en það gera aðrir líka.

Þrátt fyrir að það kunni að koma illa við einhvern lesanda er það engu að síður staðreynd að talsverður hluti landsmanna kærir sig einfaldlega ekki um þjónustu þjóðkirkjunnar rétt eins og hluti landsmanna kærir sig ekki um þjónustu Ásatrúarfélagsins. Á tuttugustu og fyrstu öldinni er kominn tími til að viðurkenna þessa staðreynd og sætta sig við hana.

### Fjárveitingar ríkisins skipa landsmönnum í flokka

Ásatrúarfélagið er það trúfélag sem hefur stækkað langmest undanfarin 10 ár. Það starfar á landsvísu og á miklum skyldum að gegna um dreifðar byggðir landsins. Það hefur óhjákvæmilega í för með sér gífurlegan kostnað sem erfitt er að standa undir þegar einu tekjurnar eru sóknargjöld. Ásatrúarfélagið hefur axlað sína ábyrgð og aldrei skorast undan þjónustu við landsmenn, án tillits til þess hvort viðkomandi er skráður í Ásatrúarfélagið, þjóðkirkjuna eða er utan safnaða. Þetta hefur verið gert með gleði þrátt fyrir að goðar félagsins séu launalausir, undir talsverðu álagi og þiggi aðeins lágmarksgreiðslur fyrir athafnirnar sem þeir framkvæma.

Ásatrúarfélagið ber ábyrgð á fornum menningarverðmætum ekki síður en þjóðkirkjan. Því hlutverki hefur félagið sinnt með sóma þrátt fyrir að starfið hafi mestan part verið unnið í sjálfboðavinnu félagsmanna og við erfiðar aðstæður.

Það er vissulega erfitt að taka hverju kjaftshögginu á fætur öðru fyrir dómstólum. En þegar barist er fyrir réttlætinu gefst maður ekki upp. Við ásatrúarfólk erum íslenskir ríkisborgarar ekki síður en þeir sem skráðir eru í þjóðkirkjuna, það eru einnig þeir sem standa utan trúfélaga eða eru í öðrum minni söfnuðum.

Gleymum því aldrei að fjárveitingar eru stefnumótunartæki. Með því að styrkja einn söfnuð en svelta aðra er ríkisvaldið að taka skýra afstöðu með einni lífsskoðun og gegn annarri og við þær aðstæður ríkir ekki raunverulegt trúfrelsi í landinu. Það er ekki mikið flóknara en svo.



## ENGIFER VIÐ HAUSTKVEFI



**Hálsbólga eða kvef gerir venjulega vart við sig á haustin. Fersk engiferrót er holl og góð lausn við hálsbólgu, flensu, ógleði og jafnvel gigt. Engiferrótin hefur verið notuð sem lækningajurt í Asíu en hún er gjarnan sett í te.**

ALLTAF GLÆSILEGUR



Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga

teg 81103 - í B,C skálum á **kr. 5.800,-**
buxur í stíl á **kr. 1.995,-**

Vertu vinur

Eirberg



Verð: 7.950 kr.
Fjölþrepa bakbrettið
Teygir á hrygg og bakvöðvum

Opið kl. 9 -18 • laugardaga kl. 11-16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is

Glæsileg samfella frá CHARNOS.
Verð 13.200 kr.
Litir svart og hvítt



Selena
Bláu húsin v/Faxafen
Sími 553 7355 • www.selena.is

praxis
... þegar þú vilt þægindi

Vatteraðir jakkar - 14.500 kr.





Fást í 5 litum, lime, svörtu, rauðu, kongabláu og fjólubláu

Erum einnig með gott úrval af bómullarbolum og mikið úrval að vinnufatnaði kíkið á praxis.is

Boníto ehf. • Praxis
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2878 • www.praxis.is • soo.dk
Opið mán. – fös. kl. 11–18. Lokað Laug.



# FIMLEIKATRIX Á SKÓLALÓÐINNI

**FIMLEIKAR** *Sif Pálsdóttir hefur æft fimleika í 19 ár. Hún æfir með Gerplu og er á leiðinni á Evrópumeistaramótið í fimleikum með landsliðinu.*

**Í SKÓLANUM**
Sif Pálsdóttir stefnir á sigur á Evrópumeistaramóti í fimleikum.
MYND/VALLI

Við erum búnar að æfa stíft enda ætlum við að verja titilinn. Við stefnum að því að verða ósigrandi í mörg ár í viðbót,“ sagði Sif Pálsdóttir, fimleikakona í Gerplu, eldhress þegar Fólk sló á þráðinn til hennar í gær.

Sif hefur æft fimleika frá því hún var 6 ára og nánast aldrei misst úr æfingu í 19 ár. Hún vann Evrópumeistaramótið í fimleikum með landsliðinu fyrir tveimur árum en liðið lagði af stað til Danmerkur í morgun til að verja titilinn á Evrópumeistaramótinu, sem fer núna fram í Árósum.

„Það var rosalega gaman að vinna í fyrsta skiptið árið 2010 og við urðum líka Norðurlandameistarar í fyrra. Það yrði skemmtilegt að klára þessa þrennu með því að vinna aftur núna.“

Sif æfir sex daga vikunnar, þrjá tíma í senn, og hefur því ekki mikinn tíma fyrir aðrar íþróttir. Hún hefur þó nýlokið íþróttafræði frá HÍ og vinnur í Ísaksskóla. „Ég er með íþróttakennararéttindi og stefni á að kenna íþróttir í framtíðinni. Það vantar bara hvergi íþróttakennara núna.

Ég vinn á frístundaheimilinu við Ísaksskóla og er líka með stuðning inni í bekk. Það er mjög skemmtilegt og á vel við mig.“ En biðja krakkarnir í skólanum hana þá ekki oft um að kenna sér fimleikatrix? „Jú. Það er samt takmarkað hvað ég get kennt þeim á lóðinni, en ég geri mitt besta. Ég vil endilega smita þau af fimleikaáhuga og vonast til að geta boðið upp á fimleika í vali á frístundaheimilinu.“

Hollt mataræði skiptir miklu máli þegar ná á góðum árangri í íþróttum að sögn Sifjar. Sjálf borðar hún ABT-mjólk með múslí í morgunmat og kolvetnaríka fæðu fyrir æfingu. Eftir æfingu fær hún sér próteinríka máltíð. „Ég er einmitt svo ánægð með matinn í skólanum en hann kemur frá Krúsku. Svo er alltaf ávaxtastund hjá krökkunum og þau hafa smitað mig af þeirri hollustu. Ég reyni alltaf að taka með mér ávexti í skólann til að borða með þeim í ávaxtastundinni.“

En hvað þurfa ungir krakkar að gera til að ná langt í fimleikum?

„Ekki borða nammi,“ segir hún hlæjandi og ítrekar að hollur matur hefur mikið að segja. „Svo þurfa þau að vera dugleg að æfa sig og gefast ekki upp, það er allt hægt ef maður leggur nógu mikið á sig.“

■ heida@365.is



Stuðnings stöngin

LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Yfir 5000 notendur á Íslandi síðan 1999



Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir Iðjuþjálfarar, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0 – 45° timbur/gifsloft.

Vilji
vilji.is
...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Stillanleg frá 225 – 307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum í USA.

**Yogastöðin Heilsubót**

Síðumúla 15, sími: 588-5711
www.yogastodin.is



**Kæru barnshafandi konur**
**Yogaleikfimi fyrir ykkur!**

Bjóðum við sérstakar æfingar sem þið getið stundað alla meðgönguna.
Að þið myndið huglæga og andlega tengingu við fóstrið.
Að þið lærið sérstaka fæðingaröndun og að þið upplifið slökun.
**Að þið njótið meðgöngunnar á sérstakan hátt!**

**VETRARDAGAR**

**15% afsláttur af öllum Basler vörum**

Úrval af peysum, buxum, drögtum, kjólum og yfirhöfnum.



BASLER Parísar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770




Póst dreifing

**Birtingur treystir okkur fyrir öruggri dreifingu á Séð og heyrt**

**Póstdreifing býður upp á fjölbreytta og örugga dreifingu á blöðum og tímaritum. Við komum sendingunni í réttar hendur. *Örugglega til þín.***

Póstdreifing | Suðurhraun 1 | 210 Garðabær | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is


# KUNDALINI-JÓGA OG HUGLEIÐSLA Í SUNDI

*Jóga í vatni hentar mörgum sem hafa ekki getað stundað hefðbundna hreyfingu og öllum sem vilja njóta slökunar í vatni. Arnbjörg Kristín hjá Græna Lótusnum hefur boðið upp á slíkar æfingar í eitt ár.*

Arnbjörg Kristín Konráðsdóttir, kundalinijógakennari og jógískur ráðgjafi, hefur aðlagað ævaforna jógaiðkun að vatni. Eitt ár er síðan hún fór að kenna jóga í vatni og hefur það gengið vel og undið upp á sig. „Ég byrjaði að kenna þetta í október í fyrra og kenndi þá einu sinni í viku. Í dag er ég með fjóra hefðbundna jógatíma í vatni og tvo tíma fyrir barnshafandi konur. Þetta hefur gefist mjög vel og ákveðinn kjarni sem byrjaði fyrir ári er enn að koma í tímana hjá mér,“ segir Arnbjörg Kristín.

Jóga í vatni er leið til að næra líkama, huga og sál. Vatn slakar á vöðvum og liðum og auðveldar allar hreyfingar. Það styður við stoðkerfið og hentar ungum sem öldnum. Arnbjörg segir jóga í vatni mjög gott fyrir til dæmis gigtveika og fólk sem þarf á endurhæfingu að halda og getur ekki stundað hefðbundna hreyfingu. „Ég ákvað að þróa þessa meðferð þegar ég sá að það var ákveðinn hópur sem gat ekki stundað venjulegt jóga. Þá fór ég að skoða önnur jógaprógrömm í vatni en fannst vanta í þau andlegu styrkinguna sem hugleiðslan veitir þannig að ég ákvað að þróa þetta áfram sjálf. Andlegi þátturinn er svo mikilvægur og það er gott að hafa hugleiðslu inni í hreyfingu hjá þeim sem glíma við verki í langan tíma.“

Í tilefni ársafmælisins verða opnir tímar fyrir alla þar sem í boði er að gera jóga í vatni, fljóta um í slökun og hugleiða í heitum potti að því loknu. „Ég nota æfingasett og hugleiðslur úr kundalini-jóga sem ég hef aðlagað að vatni. Falleg tónlist er notuð í tímunum sem dýpka áhrif iðkunarinnar. Þetta er góð hreyfing fyrir líkamann og áhersla lögð á andlega styrkingu og góða slökun,“ segir Arnbjörg. Boðið verður upp á veitingar að loknum hverjum tíma en nauðsynlegt er að skrá sig í tímana áður. Allar upplýsingar um jóga í vatni má finna á heimasíðu Græna Lótussins, www.graenilotusinn.is.



**SLÖKUN** Arnbjörg Kristín jógakennari stjórnaði jógatíma í vatni í Þelamörk í sumar.

## HOLLIR DRYKKIR

**GÓÐ NÆRING**
Það er auðvelt að gera holla drykki ef blandari er til staðar. Hér er einn sem er stútfullur af vítamínum og gefur aukna orku og C-vítamín.

1 dl bláber
1 dl jarðarber
1/2 banani
1 dl hrein jógúrt
2 dl eplasafi
10 ísmolar
Allt sett í blandara og hrært þar til úr verður góður þeytingur.

Rauður og hollur
Hér er annar einfaldur og hollur drykkur sem er góður í morgunmat.

1/2 rauð paprika
3 dl fersk jarðarber
1 gulrót
3 dl hreinn appelsínusafi
5 ísmolar
Skrælið gulrótina og skerið smátt ásamt paprikunni. Allt sett í blandara og hrært vel saman. Gott er að setja smávegis múslí út í drykkinn, ef vill.





# BAKVERKIR GETA ORSAKAÐ ÞUNGLYNDI

**VEIKINDI** Slæmt þunglyndi getur fylgt langvarandi verkjum. MYND/GETTY

Þeir sem þjást af langvarandi bakverkjum eru mun líklegri en aðrir til að þjást af þunglyndi. Samkvæmt rannsókn sem gerð var í Noregi fyrr á þessu ári var einn af hverjum fimm sjúklingum með einkenni depurðar en fjögur prósent með alvarlegt þunglyndi. Einn af hverjum tíu var með kvíðaröskun. Niðurstöður þessar sýna að sjúklingar með langvarandi verki þurfa geðhjálp samfara annarri viðeigandi meðferð til að endurheimta virkni í starfi og daglegu lífi. Oftast er þunglyndið afleiðing verkja en verkirnir geta orðið til séu andlegir sjúkdómar til staðar. Þeir sem þjást af geðrænum vandamálum geta verið viðkvæmari fyrir sársauka. Þessum sjúklingum er hægt að hjálpa með því að vinna bæði með hugsun og hegðun. Þá eru sjúklingnum sett ákveðin markmið sem vinna þarf að á skipulegan hátt. Önnur vandamál geta orsakað verki, svo sem fjárhagsáhyggjur, hjúskaparvandamál eða áföll.

Best er að leita sér hjálpar sem fyrst þegar verkirnir eru farnir að hafa áhrif á daglegt líf. Stéttarfélög hafa fólk á sínum snærum sem aðstoðar fólk sem er mikið frá vinnu vegna verkja.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur**
**Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar.**
**Upplýsingar í s. 577 7740**

**KAUPUM GULL**

**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.**

**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**

**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Verslun



Kassagítartilboð kr:22.900,- Gítar,poki,ól,auka strengjasett,stilliflauta og kennsluforrit. Gítarinn ehf, Stórhöfða 27, S:552 2125 WWW.gitarinn.is,gitarinn@gitarinn.is

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Nýjar stúdíó íbúðir með húsgögnum til leigu í Hafnarfirði. Verð 75 - 120 þús. S. 692 5105 og 899 7004

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Atvinnuhúsnæði

**Til leigu.**
Við sund. 20 fm skrifstofuherbergi og 20 fm. geymsla. Einning 55 og 70 fm. vinnustofur á 2. hæð. leiguval.is simi 894 1022 og 553 9820.

**51,6 m2 iðnaðarbil**
Nokkur bil af þessari fágætu og eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**Húsvagnageymslan Hafnarfirði**
Eigum nokkur laus pláss f. húsv., fellih., tjaldv., bíla og fl. Gott verð. S. 895 7496

## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir. Reykjavík, Hafnarfjörður, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes. Gæludýr velkomin.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440**

## Atvinna

**DEKURSTOFAN**

# Snyrtifræðingur

Dekurstofan í Kringlunni óskar eftir snyrtifræðingi í fullt starf eða hlutastarf.
Áhugasamir sendi inn umsókn á netfangið:
**jennytorunn@hotmail.com**

**Hefur þig dreymt um að eignast veitingastað?**

Af sérstökum ástæðum geta traustir aðilar fengið veitingastaðinn Tandoori í Skeifunni keyptan á sanngjörnu verði. Fyrsta flokks búnaður og tæki, stöðug velta. Hér er um frábært tækifæri að ræða fyrir rétta aðila. Hagstæð áhvílandi lán geta fylgt. Ef þú vilt hitta okkur og athuga hvernig við getum látið draum þinn rætast, sendu okkur tölvupóst á sveinbjorn@tandoori.is eða hringdu í síma 587 9888.

## Fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**OPIÐ HÚS Í DAG**

**Vitastígur 17 - Glæsileg 4ra herbergja íbúð**




**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.00-17.30**
Glæsileg 89,7 fm. 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í nýviðgerðu og máluðu steinhúsi í miðborginni. Íbúðin er algjörlega endurnýjuð hið innra m.a. öll gólfefni, innihurðir, baðherbergi með vönduðum tækjum, eldhúsinnrétting og tæki, raflagnir, rafmagnstafla o.fl. Samliggjandi rúmgóðar skiptanlegar stofur. Tvö herbergi. Stórar nýjar svalir út af eldhúsi til austurs með útsýni yfir austurborgina. **Laus til afhendingar við kaupsamning. Verð 32,9 millj. Íbúðin verður til sýnis í dag. Íbúð merkt 0201. Verið velkomin.**

# HEILSA

## Heilsuvörur




Bætum heilsuna með hreina Aloe Vera drykknum, sem eflir ónæmiskerfið. Hlíf og Magnús 8228244 - 8228245 www.flp1.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

## Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD OG HEILSA**
Margar teg. af NUDDI. Einnig DETOX-úthreinsun, FÓTAAÐGERÐIR og SNYRTING. Viðráðanleg verð og þú kemst fljótt að. Opið frá 12-18 alla daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

## Tilkynningar

# Aðalfundur

**Félags sjálfstæðismanna í Grafarvogi**
**þriðjudaginn 23. október klukkan 20:00**

Aðalfundur Félags sjálfstæðismanna í Grafarvogi verður haldinn þriðjudaginn 23. október. Fundurinn verður í félagsheimili okkar að Hverafold 5 og hefst klukkan 20:00. Gestur fundarins er Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður.



**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf
Ávarp
Önnur mál

**Stjórnin**

Nánari upplýsingar á www.grafarvogurinn.is

**× D**

## Til sölu

**Ásgrímsmálverk til sölu**



Þessi fallega vatnslitamynd Ásgríms Jónssonar af Eiríksjökli og Hvítá í Borgarfirði er til sölu. Myndin er merkt og stærðin er 76x56 cm (án ramma). Verð 1.500 þ.kr. Áhugasamir sendi nafn og símanúmer í netfang tingo@simnet.is

# HEIMILIÐ

## Dýrahald




Hundanámskeið fyrir þig og þinn hund. Ómissandi fyrir alla hundaeigendur. Byrjar 18.okt. Björn Ólafsson hundaþjálfari og hundaatferlisfræðingur. www.hundaskoli.net, S: 897 1992.

## Atvinna í boði

**Bakarameistarinn**

**Kaffihús, Bakarí**
**Bakarameistarinn óskar eftir traustu starfsfólki í afgreiðslusstörf virka daga í Suðurveri, vinnutími alla virka daga frá 10-19 og 13-19. Íslenskukunnátta skilyrði. Framtíðarstarf.**
**Umsóknareyðublöð má nálgast á www.bakarameistarinn.is**

Gott tækifæri til sölu fyrir laghentan og duglegan mann. Afsýring og viðgerðir á húsgögnum og fl. s. 8975484 og 8973327.

# ATVINNUHÚS.IS

**ALLAR TEGUNDIR ATVINNUHÚSNÆÐIS Á SÖLUSKRÁ**

**ATLI VAGNSSON**
hdl og löggiltur fasteignasali
Hverfisgata 4 • 101 Reykjavík
Sími: 698 4611 / 561 4433 • atli@atvinnuhus.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**
**Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.**

Reglusamur maður um fertugt óskar eftir vinnu, vanur þjónustu, lager og verkst. störfum, er með vélstj. réttindi og meira próf. Uppl. s. 777-0078.

Óskum eftir kvenkyns nuddurum til starfa, reynsla ekki nauðsynleg. Uppl. í síma 8572156








# Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.









**Allt sem þú þarft...**

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.
18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu. Meðallestur á tölublað, jan.-júní 2012.

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**80** **GUÐBERGUR BERGSSON** rithöfundur er 80 ára í dag

*„Það er engin leið að umgangast vald án þess að verða lítill.“*

---

✝



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR**
**Pósthússtræti 1, Keflavík,**

verður jarðsungin frá Ytri-Njarðvíkurkirkju, fimmtudaginn 18. október kl. 13.00.

**Arnoddur Þ. Tyrfingsson**
**Arnheiður Magnúsdóttir** **Jóhann Þór Hopkins**
**Elísabet Arnoddsdóttir** **Magnús Ársælsson**
**Erla Arnoddsdóttir** **Vilhjálmur Ingvarsson**
**Jón Ármann Arnoddsson** **Svanhildur Leifsdóttir**
**Eva Lind Jóhannsdóttir** **Unnar Bjartmarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

**HALLGRÍMS V. MARINÓSSONAR**
**Hellisgötu 1, Hafnarfirði.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Karitas – heimahjúkrunar og starfsfólki krabbameinsdeildar 11E á Landspítalanum við Hringbraut fyrir alúð og virðingu í veikindum hans. Einnig þökkum við vinum og vandamönnum sem veitt hafa stuðning og kærleika.

**Arndís K. Sigurbjörnsdóttir**
**Margrét Hallgrímsdóttir**
**Sigurbjörg Hallgrímsdóttir** **Kristján Jónsson**
**Kristín Hallgrímsdóttir** **Birgir Björnsson**
**Katrín Kristín Hallgrímsdóttir**
**og barnabörn.**

---

✝



Okkar ástkæri,

**SNORRI JÓNSSON**
**Grundarlandi 17,**

verður jarðsunginn frá Kapellunni í Fossvogi miðvikudaginn 17. október kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Dollý Nielsen** **Pétur Sveinsson**
**Stella Leifsdóttir** **Davíð Ingibjartsson**
**og aðrir aðstandendur.**

---

✝



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGURVEIG BRYNHILDUR SIGURGEIRSDÓTTIR**
**Gránufélagsgötu 37, Akureyri,**

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar laugardaginn 13. október. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 19. október kl. 10.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Heimahlynningu á Akureyri.

**Páll Jónsson**
**Sigurgeir Pálsson** **Jórunn Agnarsdóttir**
**Rósa Pálsdóttir** **Pálmi Vilhjálmsson**
**Anna Kristín Pálsdóttir** **Jón Frímann Ólafsson**
**ömmu- og langömmubörn.**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, amma og langamma,

**INGIBJÖRG E. WAAGE**
**Sléttuvegi 13, Reykjavík,**

lést á Landakoti 12. október síðastliðinn. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 19. október kl.13.00.

**Sigríður Regína Waage**
**Edda Waage Pedersen**
**Kristín Helga Waage**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskuleg dóttir mín, systir okkar og mágkona,

**SOLVEIG BJÖRNSDÓTTIR**

sem lést þriðjudaginn 9. október, verður jarðsungin frá Skeiðflatarkirkju laugardaginn 20. október klukkan 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hennar eru hvattir til að styrkja starfsemi Kattholts.

**Rósa Haraldsdóttir**
**Jóhann Þorsteinsson** **Elfa Sch. Elfarsdóttir**
**Agla Sigríður Björnsdóttir** **Jóhann Örn Ingimundarson**
**Þorlákur Sindri Björnsson** **Halldóra J. Gylfadóttir**
**Ingibjörg Rósa Björnsdóttir**
**Haraldur Björnsson**
**og börn.**

---

✝



Ástkær bróðir okkar, uppeldisbróðir, mágur og frændi,

**STEFÁN MAR FILIPPUSSON**

lést á Heilbrigðisstofnun Austurlands Seyðisfirði laugardaginn 13. október. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Magnús Filippusson**
**Sigurður Filippusson** **Soffía Ívarsdóttir**
**Andrés Filippusson**
**Sunneva Filippusdóttir** **Torfi Matthíasson**
**Ragnhildur Filippusdóttir** **Kristján Helgason**
**Árni Jón Sigurðsson** **Pálína Haraldsdóttir**
**Gissur Sigurðsson** **Guðrún Árnadóttir**
**Steinunn Stefánsdóttir** **Freysteinn Þórarinsson**
**og systkinabörn.**

---

✝



Faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

**GÍSLI HALLDÓRSSON**
**arkitekt,**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir þann 8. október síðastliðinn. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 17. október kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Framtíðarsjóð KR, reikn.nr. 101-26-287082, kt. 471210-0560.

**Leifur Gíslason** **Þórdís Jónsdóttir**
**Margrét Leifsdóttir** **Þorsteinn Stefánsson**
**Gísli Leifsson**
**Jón Páll Leifsson** **Guðrún Norðfjörð**
**og langafabörn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN F. ADOLFSDÓTTIR**

lést þriðjudaginn 2. október sl. á 94. aldursári. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey á Akureyri að hennar eigin ósk. Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki Dvalarheimilisins Höfða á Akranesi sem annaðist Guðrúnu af einstakri alúð, kærleika og virðingu þau ár sem hún dvaldi þar. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Dvalarheimilið Höfða á Akranesi.

**Adolf Ásgrímsson** **Erla Óskarsdóttir**
**Stefán Ásgrímsson** **Romy Funk**
**Ásrún Ásgrímsdóttir** **Sten Roos**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, amma, langamma og langalangamma,

**AÐALBJÖRG GUÐMUNDSDÓTTIR**
**veitingakona, áður til heimilis að Lönguhlíð 6, Akureyri,**

lést á Dvalarheimilinu Hlíð miðvikudaginn 10. október. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 22. október kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta líknarstofnanir njóta þess. Hjartans þakkir færum við starfsfólki Hlíðar fyrir einstaklega hlýja umönnun.

**Ester Guðbjörnsdóttir** **Arnar Þór Gunnarsson**
**Emil Þór Guðbjörnsson** **Hrafnhildur Jónsdóttir**
**Guðmundur Hólm** **Ragnhildur Karlsdóttir**
**Gunnar Sigurðsson** **Guðrún Ísaksdóttir**
**Hólmfríður Arnar** **Ágúst Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**KRISTJÁN SÓLBJARTUR ÓLAFSSON**
**Aflakór 20, Kópavogi,**

lést að heimili sínu föstudaginn 12. október. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 19. október kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð heimahlynningar Landspítalans, sími 543 1159 eða Krabbameinsfélag Íslands.

**Kolbrún Óðinsdóttir**
**Hrafnhildur Kristjánsdóttir** **Jóhannes Bjarni Björnsson**
**Hrund Kristjánsdóttir** **Ágúst Jensson**
**Hulda Sigríður Kristjánsdóttir** **Gunnar Björn Gunnarsson**
**og barnabörn.**

---



**GUÐMUNDUR S. BRYNJÓLFSSON** Hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin árið 2009 fyrir bókina Þvílíka viku og Grímuverðlaunin árið eftir fyrir barnaleikritið Horn á höfði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

GUÐMUNDUR S. BRYNJÓLFSSON:
GEFUR ÚT BARNABÓKINA KATTASAMSÆRIÐ

# Kettir eru svo óútreiknanlegir




Kattasamsærið heitir ný bók eftir verðlaunahöfundinn Guðmund S. Brynjólfsson sem kom út á í síðastliðinni viku. Bókin, sem Högni Sigurþórsson myndskreytir, segir frá kettinum Petru Pott sem glímir við þann vanda að fólkið hennar fær öðru hvoru þá flugu í höfuðið að hún eigi að fara af heimilinu. En þá kemur sér vel að eiga góða vini sem hafa ráð undir rifi hverju. Við sögu koma kúnstugar persónur eins og hundurinn Lúsíus, ofurkötturinn Hamlet og þau Elinóra og Hrólfur.

Guðmundur segir hugmyndina að bókinni hafa kviknað eftir umræður um sígilt vandamál.

„Það er heimtaður köttur eða annað dýr á heimilið og krakkarnir lofa öllu fögru um að sjá um dýrið. Svo kemur dýrið og það hættir að vera spennandi, allar skyldurnar gleymast og það er farið að ræða að senda dýrið „upp í sveit“.“

Kettirnir í sögunni eru engin meinleysisgrey sem leika sér með með bandhnykla, heldur ráðagóðir og jafnvel dálítið slóttugir. Guðmundur segist bera mikla virðingu fyrir köttum. „Þetta er dálítið beggja blands, maður veit aldrei hvar maður hefur köttinn. Hundur er alltaf sami hundurinn en kettir eru óútreiknanlegri.“ Persónugalleríið í bókinni er litríkt enda segist Guðmundur hafa skemmt sér vel að búa það til.

„Nokkra af þessum karakterum byggi ég á dýrum sem hafa verið í eigu vina og ættingja, til dæmis Lúsíus og Hamlet. Ég sé mikinn persónuleika í dýrum, er alinn upp í sveit innan um kindur, hunda og ketti og hver hafði sín sérkenni,“ segir Guðmundur sem á þó engin dýr núna.

Boðskapur bókarinnar, um að fara vel með dýrin, er ekki bara í orði heldur líka á borði því tíu prósent af hverju seldu eintaki renna til Kattholts.

„Í Kattholti er unnið ótrúlega gott starf en samt á reksturinn í erfiðleikum og við útgefandinn töldum rétt að reyna að leggjast aðeins á árarnar með þeim.“

Guðmundur hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin árið 2009 fyrir bók sína Þvílík vika og Grímuverðlaun árið 2010 fyrir barnaleikritið Horn á höfði. Bókaforlagið Sæmundur gefur út Kattasamsærið.

bergsteinn@frettabladid.is

---

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**ANNA KRISTINSDÓTTIR**
**Borgarbraut 65a, Borgarnesi, áður Fífusundi, Hvanneyri,**

andaðist á Landspítalanum fimmtudaginn 11. október. Útför hennar fer fram frá Borgarneskirkju, laugardaginn 20. október kl. 14.00.

**Ingimar Einarsson**
**Guðrún Ingimarsdóttir**
**Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir**
**Ingibjörg Eydís Ingimarsdóttir** **Pétur Magnússon**
**Kristín Erla Ingimarsdóttir** **Styrmir Þorsteinsson**
**og ömmubörn.**



# Borðar barnið þitt líka sælgæti í morgunmat?




## Mini Fras er holli valkosturinn

Mini Fras er ein af fáum morgunkornstegundum fyrir börn sem uppfylla kröfur Skráargatsins. Margar gerðir af morgunkorni sem ætlaðar eru börnum innihalda allt að 35 g af sykri í hverjum 100 g, sem er svipað magn og í 100 g af hlaupi eða lakkrís.

Mini Fras Hollara en maður heldur

fireball.

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** bifa, **6.** vörumerki, **8.** hluti verkfæris, **9.** klampi, **11.** tveir eins, **12.** eftirgjöf, **14.** slór, **16.** skst., **17.** umfram, **18.** sprækur, **20.** eldsneyti, **21.** framkvæma.

**LÓÐRÉTT**
**1.** lofttegund, **3.** tveir eins, **4.** umhverfis, **5.** ái, **7.** hvasst horn, **10.** svelgur, **13.** dvelja, **15.** járna, **16.** andmæli, **19.** ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** þoka, **6.** ss, **8.** orf, **9.** oki, **11.** ii, **12.** náðun, **14.** hangs, **16.** no, **17.** auk, **18.** ern, **20.** mó, **21.** inna.
**LÓÐRÉTT: 1.** óson, **3.** oo, **4.** kringum, **5.** afi, **7.** skáhorn, **10.** iða, **13.** una, **15.** skóa, **16.** nei, **19.** nn.






# Kúldrast í kreddum

**BAKÞANKAR**
**Kolbeins Óttarssonar Proppé**



Fordómar. Við höfum þá öll. Þeir eru hluti af eðli okkar, gera okkur kleift að meta aðstæður á örskotsstundu og hegða okkur í samræmi við það mat sem hugur okkar hefur lagt á aðstæður, meðvitað sem ómeðvitað. Þeir geta birst í sérviskulegri andúð, til dæmis á því sem nýtt er, eða vali okkar á gönguleið á síðkvöldum. Þeir geta birst í jákvæðum væntingum til einhvers, en auðvitað einnig neikvæðum. Fordómar, sleggjudómar, hleypidómar, öll þessi orð lýsa því sama; ógrunduðum dómum.

**ÞVÍ** það er það sem fordómar eru. Við setjum okkur ekki inn í aðstæður áður en við mótum okkur skoðun. Við kynnum okkur málin ekki til hlítar heldur höldum okkur við það frummat sem við leggjum á þau, eitthvað sem við heyrðum, höldum, eða okkur finnst.

**FORDÓMAFULLT** fólk er þröngsýnt. Það getur staðið í þeirri meiningu að heil þjóð, eða jafnvel margar þjóðir, séu glæpamenn og smámenni. Jafnvel þó við vitum að það er einfaldlega ekki fræðilega mögulegt að heil þjóð sé haldin sömu einkennum.

**SAMT** höfum við öll einhverja fyrir fram mótaða skoðun gagnvart ýmsum þjóðum eða hópum fólks. Þröngsýna fólkið rígheldur hins vegar í þá skoðun en veltir ekki við steinum til að láta reyna á sannleiksgildi hennar.

**SÉRTU**, lesandi góður, haldinn geðsjúkdómi eru yfirgnæfandi líkur á að þú mætir fordómum einhvern tíma á lífsleiðinni. Frekar en fólk með hjartagalla. Sért þú hommi eða lesbía geturðu sagt sömu sögu, að ekki sé talað um ef húðlitur þinn er annar en minn. Ráðist er á sumt fólk fyrir það eitt að vera það sem það er. Það er klikkun.

**FORDÓMAR** eru birtingarmynd ótta þess sem þá hefur. Stundum líka leti, sumir nenna ekki að kynna sér mál og finnst þægilegra að skáka í eigin fordómum. En fordómar geta aldrei orðið annað en þeir eru; fyrir fram gefnar skoðanir. Og þær eru sjaldnast, ef nokkurn tíma, grundvöllur nokkurs nema eigin vanlíðan. Hræddu fólki líður sjaldnast vel.

**HÆTTUM** því að gefa okkur fyrir fram hvernig hitt og þetta er. Setjum okkur inn í aðstæður, kynnum okkur mál og umfram allt; sýnum öðrum þá virðingu sem við sjálf óskum.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





KFC
VEISLU-
VIKA
16.–22.
október
10
kjúklingabitar,
stór
skammtur
af frönskum
& 2 lítra
gos
3.290
kr.
Kentucky
Fried
Chicken
PIPAR\TBWA • SÍA • 122880
svooogott™
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI
WWW.KFC.IS

# menning
menning@frettabladid.is



**HEIMSKAUTASVÆÐIÐ OG NORÐURLÖND** Ráðstefna um Norðurlöndin og heimskautasvæðið verður haldin í Norræna húsinu klukkan 13. Fjallað verður um hlutverk, stefnumótun og væntingar til samstarfs þeirra á milli. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

# ÚRVAL SANNLEIKANS

Leikhús ★★★★☆

**Jónsmessunótt**
Kassinn í Þjóðleikhúsinu

**Höfundur:** Hávar Sigurjónsson. **Leikarar:** Arnar Jónsson, Kristbjörg Kjeld, Þorsteinn Bachmann, Edda Arnljótsdóttir, Atli Rafn Sigurðarson, Maríanna Clara Lúthersdóttir, Þórunn Arna Kristjánsdóttir. **Leikstjóri:** Harpa Arnardóttir.

Jónsmessunótt Hávars Sigurjónssonar segir frá gullbrúðkaupsafmælisfögnuði þeirra Kristjáns og Stefaníu. Strax í hópmyndatöku sem fer fram áður en áhorfendur eru gengnir til sætis verður ljóst að í þessari fjölskyldu er margvíslegur núningur sem ekki er sérlega djúpt á.

Fjölskyldufaðirinn rifjar upp samdrátt hjónanna en kemst ekkert áfram með þaulæfða söguna, bæði fyrir skotum sona sinna og eiginkonu sem man atburði með nokkuð öðrum hætti en bóndinn.

Og þar er komið leiðarstef sýningarinnar, sannleikurinn. Er hægt að skapa sannleikann? Kannski, en bara ef allir hlutaðeigandi komast að sömu niðurstöðu um það hver raunveruleikinn sé, sem gengur svona upp og ofan hjá fjölskyldunni.

Peningar eru annar vinkill verksins. Lausafjárstaðan er ekki góð hjá yngri kynslóðunum tveimur og litar afstöðu allra persónanna hver til annarra. Í þessari fjölskyldu eru meðlimir ekki vanir því að hlífa hver öðrum, en um leið og peningar koma til er höggvið til blóðs.

Texti Hávars er fyndinn og meitlaður og á sviðinu er stöðug spenna. Í leikskrá kemur fram að höfundur vann verkið í mikilli samvinnu við bæði leikstjóra og leikara og sú vinna hefur borið safaríkan ávöxt. Eftir því sem dramatíkin og hysterían verður meiri í textanum æsist leikurinn, dansar úr raunsæinu yfir í farsakennda yfirkeyrslu og aftur til baka með aðdáunarverðum hætti. Leikstjórinn Harpa Arnardóttir hefur alla þræði í hendi sér.

Arnar Jónsson leikur sér að því að gæða fyrrum ritstjórann Kristján lífi. Kristján er því vanur úr starfi sínu að sannleikann megi móta með orðum og hvílir því mun betur í sinni lífslygi en aðrir fjölskyldumeðlimir og verður ein áhugaverðasta persóna leiksins. Synir hans, leiknir af Atla Rafni Sigurðarsyni og Þorsteini Bachmann, eru báðir hálfgerðir krypplingar. Annar er ástríðubraskari, alltaf á hausnum og hugsar aðeins um sjálfan sig, hinn lifir við stöðuga minnimáttarkennd vegna æskubreka og starfsferils sem ekki stóð undir væntingum. Atli og Þorsteinn skiluðu bræðrunum vel, voru báðir ólgandi af óöryggi og spennu.

Kvenpersónurnar eru ekki jafnskýrt mótaðar af hálfu höfundar og eru raunar allar skilgreindar út frá sambandinu við feðgana. Kristbjörg Kjeld er í hlutverki ættmóðurinnar sem er ansi ósátt við sinn hlut í lífinu og eins og svo oft áður segir Kristbjörg jafnmikið með þögninni og hún segir með orðum. Maríanna Clara Lúthersdóttir og Edda Arnljótsdóttir leika tengdadæturnar og Þórunn Arna Kristjánsdóttir sonardótturina og nýta þær allar mjög vel öll þau tækifæri sem leikurinn býður.

Sviðsmyndin var feiknavel heppnuð. Lýsing Ólafs Ágústs Stefánssonar minnti á íslenska sumarnótt og leikmynd Finns Arnars Arnarsonar var bæði falleg og í hæsta máta táknræn án þess að verða yfirþyrmandi.

Sýningin er flott, en það er helst að stærri línurnar í verkinu hafi truflað þegar heim var komið. Það er aðeins of óljóst nákvæmlega hvað kemur af stað þessu mikla uppgjöri, þó að ýmislegt hafi lengi kraumað undir yfirborðinu. En þegar maður dregur hegðun og ætlanir persóna í efa að lokinni sýningu, rétt eins og þær séu meðal nánustu kunningja manns, tja, þá hlýtur eitthvað að vera rétt gert.

**Arndís Þórarinsdóttir**

**Niðurstaða:** Fantaflott sýning sem bæði kitlar hláturtaugarnar og spyr áleitinna spurninga um samtímann og mannlegt eðli.



**JÓNSMESSUNÓTT** Texti Hávars er fyndinn og meitlaður og stöðug spenna á sviðinu, að mati gagnrýnanda.







**LANGUR AÐDRAGANDI** Stafnbúi Steindórs Andersen og Hilmars Arnar Hilmarssonar hefur verið sex ár í undirbúningi.

# Stafnbúi Steindórs og Hilmars kominn út

Steindór Andersen og Hilmar Örn Hilmarsson hafa sent frá sér rímnageisladiskinn Stafnbúa. Á diskinn hefur Steindór, einn þekktasti kvæðamaður þjóðarinnar, valið tólf stemmur sem hann flytur við tónlist kvikmyndatónskáldsins og allsherjargoðans Hilmars Arnar.

Þeir Steindór og Hilmar Örn fluttu Hrafnagaldur Óðins með hljómsveitinni Sigur Rós í Laugardalshöllinni fyrir áratug við miklar og góðar undirtektir. Hlutu tónleikarnir meðal annars Menningarverðlaun DV það árið. Stafnbúi er framhald á því verkefni, en geisladiskurinn hefur verið heil sex ár í undirbúningi.

Margt góðra gesta kemur fram á Stafnbúa, meðal annarra Sigríður Thorlacius söngkona, Guðmundur Pétursson gítarleikari, Þórir Baldursson orgelleikari, Páll frá Húsafelli á steinhörpur, Örn Magnússon á langspil og symfón og fjöldi strengjaleikara.

Geisladisknum fylgir áttatíu blaðsíðna bók sem inniheldur öll kvæðin sem flutt eru ásamt ágripi úr sögu rímnakveðskapar og glæsilegum ljósmyndum úr náttúru Íslands.

# BARNALEIKSÝNING ÁRSINS 2012



# Skrímslið litla systir mín

## SÝNINGAR Í NORRÆNA HÚSINU Í NÓVEMBER OG DESEMBER 2012

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fös. | 9. | nóv. | kl. 17.00 |
| Lau. | 10. | nóv. | kl. 14.00 ö / 16.00 |
| Sun. | 11. | nóv. | kl. 14.00 ö / 16.00 |
| Fös. | 23. | nóv. | kl. 17.00 |
| Lau. | 24. | nóv. | kl. 14.00 / 16.00 |
| Sun. | 25. | nóv. | kl. 14.00 / 16.00 |
| Fös. | 30. | nóv. | kl. 17.00 |
| Lau. | 1. | des. | kl. 14.00 / 16.00 |
| Sun. | 2. | des. | kl. 14.00 / 16.00 |

Ath. aðeins þessar 3 sýningarhelgar!

„Skrímslið litla systir mín er ein magnaðasta leiksýning sem ég hef séð.“ I.G. Mbl

„Það er varla hægt að tala um að takast betur en þegar börnin lifa áfram í ævintýrinu að sýningu lokinni....“ E.B. Fbl



„Það sem kemur frá hjartanu fer til hjartans“
J.V.J. DV

„...töfrum líkast, mikil upplifun og ein flottasta sýning sem við höfum séð fyrir börn. Fimmstjörnu sýning sem skilur mikið eftir sig.“
Skólastjórar leikskólans Laufásborg

LEIKHÚSIÐ **10 FINGUR**  **NORRÆNA HÚSIÐ**

**Miðasala hafin á midi.is  Nánari upplýsingar á tiufingur.is**

# Snjór og blíða



23. feb. – 2. mars

## Aprés Ski

Ógleymanleg skíðaferð með Stebba og Eyfa

Verð á mann í tvíbýli, frá: **188.990 kr.**



Stebbi og Eyfi sjá um að halda uppi rammíslenskri stemningu á Hótel Gamshag með gítar og gleði að vopni. Saalbach-Hinterglemm er eitt af betri skíðasvæðum Austurríkis, sem býður upp á nóg af snjó og mikið úrval af brekkum við allra hæfi.

Innifalið er flug með sköttum, akstur til og frá flugvelli, frítt fyrir skíði, ein taska (20 kg) og gisting í 7 nætur á Hotel Das Moser með hálfu fæði.

Tímabil: 22. des. – 2. mars

## Beint flug til Salzburg

Mótaðu þína eigin skíðaferð yfir hátíðirnar

Verð á mann frá: **55.900 kr.**

Innifalið er flug með sköttum.

**Bókaðu á wowtravel.is eða í síma 590 3000**

wowtravel.is

WOW air TRAVEL




**popp**

popp@frettabladid.is



**22 ÁRA Í DAG** er söngkonan og fyrrum barnastjarnan Jóhanna Guðrún Jónsdóttir. Jóhanna, sem einnig er þekkt undir nafninu Yohanna, bræddi hugi og hjörtu Evrópubúa þegar hún varð önnur í Eurovision árið 2009 með lagið „Is It True?“

# Aldursbilið hverfur í skemmtilegum félagsskap

**Linda Baldvinsdóttir og Jóna Björg Sætran eru konurnar að baki markþjálfunarfyrirtækinu Coaching Camp ehf. Þær standa fyrir sérstökum kvennahelgum einu sinni til tvisvar á ári.**

„Markþjálfun snýst um að horfa á hindranir sínar og tækifæri og taka ákvarðanir með það að sjónarmiði að ná framúrskarandi árangri í lífi og starfi,“ segir Linda Baldvinsdóttir, markþjálfi og formaður Félags markþjálfunar á Íslandi.

Markþjálfun er fremur ung grein en hefur þó slegið í gegn um allan heim. „Fyrirtæki erlendis leggja oft mikið kapp á markþjálfun og stjörnurnar í Hollywood eiga allar sinn markþjálfa,“ útskýrir Linda. Hún segir mögulegt að sækja markþjálfun í einstaka skipti til að tækla ákveðin málefni, en margir eigi þó sinn persónulega þjálfa sem þeir hitta reglulega. Að sögn Lindu er enginn sérstakur markhópur í markþjálfun því karlar og konur á öllum aldri sæki í hana. „Við erum alltaf með rosalega breiðan og fjölbreyttan hóp,“ segir hún.

Einu sinni til tvisvar á ári stendur fyrirtæki Lindu, Coaching Camp, fyrir konuhelgum þar sem farið er að Frumskógum í Hveragerði og andi og sál ræktuð. Næsta slík helgi verður haldin dagana 16. til 18. nóvember. „Þetta er algjör dekurhelgi í skemmtilegum félagsskap, þar sem við borðum góðan mat og kynnumst öðrum frábærum konum á sama tíma og við kynnumst okkur sjálfum betur,“ segir Linda og minnist á hóp kvenna sem kom saman á slíkum viðburði fyrir þremur árum og er enn í sambandi í dag. „Það myndast svo sérstakur andi á þessum helgum hjá okkur að það ná allir saman og aldursbilið hverfur alveg,“ bætir hún við, en konum á öllum aldri er velkomið að taka þátt. Linda segir enn ekki neinar karlahelgar hafa verið haldnar en það sé þó í skoðun, rétt eins og hjónahelgar.

**tinnaros@frettabladid.is**



**HRESSAR KONUR** Linda og Jóna Björg bjóða konum á dekurhelgi að Frumskógum í Hveragerði. MYND/ÚR EINKASAFNI

### PISTLAHÖFUNDUR OG FYRIRTÆKJAEIGANDI

Linda situr sjaldan auðum höndum. Lesendur síðunnar Siggalund.is kannast eflaust vel við Lindu þar sem hún er einn pistlahöfundanna þar. Fljótlega fer hún af stað með vefsjónvarp á þeirri síðu sem mun bera heitið Linda og lífið. Þar fjallar hún um lífið og tilveruna í öllum sínum fjölbreytileika. Samhliða því á Linda og rekur fyrirtækið Coaching Camp og er ásamt Steinunni Hall að setja á stofn fyrirtækið Amaxa, sem mun einblína á stjórnendaþjálfun, námskeið og vinnustofur sérhönnuð fyrir fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök. Þar að auki býður Linda upp á einkatíma í markþjálfun.

# Heillandi hægagangur

Bíó ★★★★☆

**Hreint hjarta**

Leikstjórn: Grímur Hákonarson

Kristinn Ágúst Friðfinnsson er prestur á Selfossi sem stendur í deilum við samstarfsfólk sitt og yfirmenn. Honum finnst hafa verið svínað á sér og í þessari einlægu heimildarmynd fylgjumst við með daglegu lífi prestsins í vinnunni jafnt sem utan hennar. Sjálfur er Kristinn reyndar á því að prestar séu aldrei utan vinnunnar og má vera að sannleikskorn leynist í því.

Myndavélin er sem fluga á vegg viðfangsefnisins og fer með honum um víðan völl. Skiptir þá engu hvort hann er á Skype-stefnumóti við eiginkonu sína (sem starfar á Grænlandi) eða í prestsheimsókn hjá syrgjandi fjölskyldu látins manns. Áhorfandinn fær að vera með alls staðar og það gerir myndina bæði raunverulegri og skemmtilegri.

Við fáum nasaþefinn af deilum Kristins við hinn prestinn í kirkjunni og það andar verulega köldu þeirra á milli. Það er grátbroslegt að fylgjast með þeim hlið við hlið boðandi fagnaðarerindið, vitandi af allri óvildinni og karpinu sem á undan hefur gengið. Myndin málar nokkuð einhliða mynd af ástandinu, en skarpir áhorfendur gera sér vafalaust grein fyrir því og í þágu dramatíkur er auðvelt að fyrirgefa það. Og fari hinn presturinn eftir boðskap kristninnar ætti hann að geta gert það líka.



**HREINT HJARTA** „Stíllinn er lágstemmdur og Grímur leikstjóri leyfir fílingnum að ráða för,“ segir í gagnrýni um heimildarmyndina Hreint hjarta.

Stíllinn er lágstemmdur og Grímur leikstjóri leyfir fílingnum að ráða för. Sjálfur presturinn er heillandi karakter en talar á köflum óþægilega hægt. Myndavélinni er þó leyft að rúlla áfram og fyrr en varir venst maður hraðanum. Þá smellpassar tónlistin við myndmálið og er notuð sparlega, en líkt og myndin sjálf er hún í rólegri kantinum. Enda er engin ástæða til að flýta sér um of.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Afslöppuð mynd um forvitnilegan mann.



VEGA**AÐSTOÐ** SJÓVÁ

Bensínlaus, straumlaus, sprungið, tjónaskýrsla?

# ÞÚ HRINGIR Í **440 2222** OG VEGAAÐSTOÐ SJÓVÁ BJARGAR MÁLUNUM

Fáðu símanúmer Vegaaðstoðar sent í símann þinn.

Sem viðskiptavinur í Stofni nýtur þú Vegaaðstoðar Sjóvá án endurgjalds. **Kynntu þér stækkað þjónustusvæði Vegaaðstoðar** á sjova.is.

ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ

SJÓVÁ
STOFN

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 11-2011

# FORD **KA** Trend Plus **frá 1.780.000 kr.**

Komdu og kynntu þér nýjan Ford Ka í dag. Veldu ódýrasta nýja bílinn. Veldu sparneytinn Ford Ka og hafðu rekstrarkostnaðinn lágan. Fær frítt í stæði í 90 mínútur í senn í Reykjavík. Frábær í endursölu. Nútímaþægindi og lipur í innanbæjarakstri. Vel búinn og með frábæra aksturseiginleika. Fáðu Ford Ka á aðeins 1.780.000 kr. Spyrðu um 5 ára verksmiðjuábyrgð. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu Ford, nýtt tákn um gæði.

ford.is




FORD **KA** TREND PLUS

FRÁ

**9.866 kr./mán.***

* Ford Ka Trend Plus 3 dyra 1,2i bensín, 69 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 115 g/km. Miðað er við grænan óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppítökubíl / útborgun að verðmæti 1.200.000 kr. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Hlutfallstala kostnaðar 10,88%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

# sport

sport@frettabladid.is



**SÆNSKA FÉLAGIÐ LDB MALMÖ** er komið með fimm fingur á sænska meistaratitilinn eftir stórsigur, 5-0, á AIK í gær. Malmö er með fjögurra stiga forskot í deildinni þegar aðeins tvær umferðir eru eftir. Sara Björk Gunnarsdóttir og Þóra B. Helgadóttir leika með Malmö og spiluðu allan leikinn í gær.


## Aðalfundur
### Félags sjálfstæðismanna í Grafarvogi
### þriðjudaginn 23. október klukkan 20:00

Aðalfundur Félags sjálfstæðismanna í Grafarvogi verður haldinn þriðjudaginn 23. október. Fundurinn verður í félagsheimili okkar að Hverafold 5 og hefst klukkan 20:00. Gestur fundarins er Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður.



**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf
Ávarp
Önnur mál

**Stjórnin**

Nánari upplýsingar á www.grafarvogurinn.is

× D



Fyrirlestur
**Dr. Ashley Deans**



**Innhverf íhugun í skólastarfi**
í kvöld, þriðjudag, kl. 19.30 í
Skúlatúni 2 (risi), 105 Reykjavík
Íslenska íhugunarfélagið, s. 557 8008,
**ihugun.is**









**LEGGUR LÍNURNAR** Lars Lagerbäck á æfingu íslenska landsliðsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Eitt stig ekki ásættanlegt

**„Við viljum vinna alla leiki og sættum við okkur ekki við jafntefli fyrir fram," segir sóknarmaðurinn Alfreð Finnbogason fyrir leik Íslands og Sviss í kvöld. Landsliðsþjálfarinn reiknar með jöfnum leik gegn sterkum andstæðingi.**

**FÓTBOLTI** Ísland mætir í kvöld sterku liði Sviss í undankeppni HM 2014. Leikurinn er uppgjör toppliðanna í E-riðli en Sviss er efst með sjö stig að loknum þremur leikjum. Ísland kemur svo næst með sex stig og fer því á topp riðilsins með sigri í kvöld.

„Það er gott að vera kominn heim og spila á vonandi troðfullum velli," sagði Alfreð Finnbogason fyrir æfingu íslenska liðsins á Laugardalsvelli í gær. Strákarnir komu heim um helgina eftir langt ferðalag til Albaníu þar sem þeir unnu frábæran 2-1 sigur við erfiðar aðstæður.

„Líkamlega erum við búnir að jafna okkur. Kannski að andlega hliðin þurfi meiri tíma," segir hann í léttum dúr. „Þetta var mikill baráttuleikur og gott að hafa unnið hann, þó svo að við höfum ef til vill ekki átt það endilega meira skilið en þeir."

Alfreð var í byrjunarliði Íslands í fyrsta sinn undir stjórn Lagerbäck og vonast vitanlega til að halda sæti sínu í kvöld. Ekki er von á öðru en hann segist eiga von á erfiðum leik gegn sterku liði Sviss.

**Þurfum að vera agaðir**

„Þeir eru með sterkasta liðið í riðlinum og við þurfum að vera agaðir í okkar leik – vera fljótir að koma okkur til baka í okkar stöður. Þeir vilja taka mikið af sénsum og skilja fáa menn eftir í vörn þegar þeir sækja fram. Það er eitthvað sem við eigum að geta nýtt okkur með skyndisóknum og hröðu uppspili," segir Alfreð.

> Allir gera sér grein fyrir því að Sviss þykir sigurstranglegasta liðið í þessum jafna riðli.
>
> LARS LAGERBÄCK
> LANDSLIÐSÞJÁLFARI ÍSLANDS

Lars Lagerbäck landsliðsþjálfari á einnig von á erfiðum leik en ítrekar þá skoðun sína að hann sé ávallt bjartsýnn fyrir leiki og að öll lið eigi möguleika í fótbolta.

„Allir gera sér grein fyrir því að Sviss þykir sigurstranglegasta liðið í þessum jafna riðli. Vissulega söknum við leikmanna sem eru meiddir eða í leikbanni en svona er þetta stundum í fótbolta. Það er líka einn leikmaður Sviss sem er fjarverandi [Eren Derdiyok sóknarmaður]," sagði Lagerbäck á blaðamannafundi í gær.

„Ég hlakka til leiksins. Við erum á heimavelli og ég tel að við getum spilað vel í þessum leik. Lykilatriði er að halda skipulagi og að leikmenn vinni saman."

Lagerbäck hefur ekki áhyggjur af því að leikmenn séu þreyttir eftir erfiðan leik í Albaníu og langt ferðalag. „Við gáfum þeim aukadag til að jafna sig og það eru engir leikmenn í hópnum sem eru tæpir fyrir leikinn á morgun."

Hann segir einnig að bæði hann og leikmenn hafi lært ýmislegt af leikjunum í september, þar sem Íslandi tókst ekki að fylgja eftir góðum sigri á Noregi gegn Kýpverjum nokkrum dögum síðar.

**Lærðum af reynslunni**

„Líkt og nú var ferðalagið langt en mér fannst samt sem áður undirbúningurinn ganga mjög vel. Svo kom á daginn að við vorum ekki nógu grimmir og spiluðum ekki eins og lagt var upp með. Við lærðum ýmislegt af þessari reynslu en mestu skiptir þó að einbeitingin verði í fullkomnu lagi."

Leikmenn íslenska liðsins eru fullir sjálfstrausts og þó svo að einhverjir kynnu að halda að jafntefli í dag væru ágæt úrslit fyrir íslenska liðið er aðeins eitt sem kemur til greina hjá landsliðsmönnunum sjálfum.

„Við viljum vinna alla leiki og sættum okkur ekki við jafntefli fyrir fram," segir Alfreð, ákveðinn á svip.

eirikur@frettabladid.is

Landsliðsþjálfari og fyrirliði Sviss varkárir í yfirlýsingum fyrir leikinn í kvöld:

# Erfiðari leikur en gegn Noregi

**FÓTBOLTI** Ottmar Hitzfeld, landsliðsþjálfari Sviss, segir að Ísland eigi marga hættulega leikmenn sem sínir menn þurfi að hafa gætur á þegar liðin mætast í undankeppni HM 2014 í kvöld. Hann sat fyrir svörum á fjölmennum blaðamannafundi á Grand Hótel í gær en alls eru um 50 svissneskir blaða- og fréttamenn hingað komnir til að fjalla um leikinn.

„Leikurinn gegn Noregi var einn okkar besti leikur hingað til í riðlinum," sagði Hitzfeld en liðin skildu jöfn, 1-1, í Bern á föstudaginn. „Við hreyfðum okkur vel, vorum vel staðsettir og áttum góðan leik. En það er stundum erfitt að spila gegn vegg. Á morgun [í dag] fáum við meira pláss enda er Ísland með fljótari leikmenn sem sækja hratt og beita andstæðinginn meiri pressu en norska liðið. Þetta verður erfiðari leikur en gegn Noregi."

Hitzfeld hefur kynnt sér íslenska liðið vel og ræddi á fundinum um styrkleika einstakra leikmanna íslenska liðsins. Hann lofaði einnig liðsheildina. „Íslendingar hafa sýnt í sínum leikjum hversu öflugir þeir eru. Þeir unnu Norðmenn og voru svo betri aðilinn gegn Albaníu á erfiðum útivelli. Við erum vel undirbúnir og vitum að við þurfum 100 prósenta frammistöðu til að vinna Ísland."

Gökhan Inler, landsliðsfyrirliði og leikmaður Napoli á Ítalíu, sagði enga hættu á því að sínir menn myndu vanmeta íslenska liðið.

„Það er enginn leikur auðveldur í þessum riðli. Vissulega eru gerðar miklar væntingar til okkar heima en við leikmenn vitum vel að þetta verður ekki einfalt. Ísland er með gott lið," sagði hann.

- esá



**FAGNAÐARFUNDUR** Ottmar Hitzfeld þjálfaði Sigurð Grétarsson hjá Grasshoppers á sínum tíma. Þeir endurnýjuðu kynnin á Grand Hótel í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

mazda

# MAZDA3 ADVANCE

Mazda3 er rúmgóður fjölskyldubíll. Farðu vel með peningana þína. Fáðu áreiðanlegan Mazda3 sem er góður í endursölu. Mazda3 Advance sameinar sparneytni, lágan rekstrarkostnað og sérlega hagstætt verð. Komdu núna. Prófaðu Mazda3 Advance núna. Festu þér Mazda3 Advance á góða verðinu strax í dag.

**MAZDA3 ADVANCE FRÁ KR. 3.090.000,-**




DÍSIL EÐA BENSÍN. FRÁ 3,8L/100 KM. FRÍTT Í STÆÐI*

EURO NCAP www.euroncap.com TEST 2009

Á meðal staðalbúnaðar eru álfelgur 16“, loftkæling, vindskeið á afturhlera, hraðastillir (cruise control) og margt fleira.

MAZDA3

*1,6 bensín 105 hö. Eldsneytisnotkun í langkeyrslu 5,3l/100km, innanbæjar 8,4L/100km og 6,3L/100 km í blönduðum akstri. Co2 losun er 147 g/100 km. **Verð kr 3.090.000**

*1,6 dísil 115 hö. Eldsneytisnotkun í langkeyrslu 3,8l/100km, innanbæjar 5,2L/100km og 4,3L/100 km í blönduðum akstri. Co2 losun er 115 g/100 km. **Verð kr 3.390.000** Frítt í stæði í 90 mínútur hjá Reykjavíkurborg.

*Útbúnaður bíls getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

Opið virka daga kl. 09.00 - 17.00, laugardaga kl. 12.00 - 16.00.
Aukin þjónusta. Varahlutaverslun opin laugardaga frá 12-16.

brimborg

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | mazda.is

*Öruggur staður til að vera á*

> **Stöð 2 kl. 20.55**

## Chuck

***Ofurnjósnarinn Chuck Bartowski er mættur aftur á Stöð 2. Þetta er fimmta og jafnframt síðasta þáttaröðin og það eru miklar breytingar hjá Chuck og félögum hans. Núna er hann hættur að vinna fyrir CIA og byrjaður með sitt eigið fyrirtæki en verkefnin eru enn þá jafnhættuleg.***



# dagskrá

## KVIKMYNDIR OG ÞÆTTIR KVÖLDSINS



### Ísland - Sviss

Bein útsending frá fótboltaleik milli Íslendinga og Svisslendinga í forkeppni HM 2014 sem haldið verður í Brasilíu. Svisslendingar eru nú í efsta sæti í riðlinum, með 7 stig, en við Íslendingar fylgjum þó fast á hæla þeirra í öðru sæti með 6 stig.

FIFA mælir með að fylgst sé með:

**Ísland:** Jóhann Guðmundsson, Kolbeinn Sigþórsson og Gylfi Sigurðsson. **Sviss:** Eren Derdiyok, Gokhan Inler og Stephan Lichtsteiner.

RÚV



### The Death and Life of Bobby Z

Hörkuspennandi mynd um Tim Kearney, fyrrum hermann í bandaríska sjóhernum. Hann situr nú í fangelsi en er boðin sakaruppgjöf gegn því að þykjast vera dópsalinn Bobby Z og leika tveimur skjöldum í undirheimum eiturlyfja og stórglæpa.

**Leikstjóri:** John Herzfeld. **Aðalhlutverk:** Paul Walker, Laurence Fishburne og Olivia Wilde.

Rotten Tomatoes 46%(A) IMDb 5,7 Stöð 2 Bíó 22.00



### Anger Management

Charlie Sheen hefur haft sig hægan frá því hann hvarf úr þáttunum Two and a Half Men með dramatískum hætti. Hann hefur þó snúið aftur og er hér í hlutverki Charlie Goodson, sem er skikkaður á reiðistjórnunarnámskeið eftir að ganga í skrokk á kærasta fyrrum eiginkonu sinnar.

**Höfundur:** Bruce Helford. **Aðalhlutverk:** Charlie Sheen, Selma Blair og Shawnee Smith.

44/100 IMDb 7,2 Stöð 2 20.30



### GCB

Amanda Vaughn flytur aftur heim til Dallas með börnin sín tvö þegar eiginmaður hennar deyr. Á sínum yngri árum hafði hún komið misvel fram við fólkið í kringum sig og lærir nú að það er ekki hægt að flýja fortíðina. Þættirnir eru stútfullir af slúðri, bótoxi og svikum.

**Höfundur:** Robert Harling. **Aðalhlutverk:** Leslie Bibb, Jennifer Aspen og Marisol Nichols.

55/100 IMDb 6,7 Skjáreinn 21.15

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Norðurslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Tónleikur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Vögguvísa **15.25** Tungubrjótur **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Tríó **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.47** Auglýsingar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.35** Okkar á milli **21.15** Hvað er málið? **21.40** Íslendingasögur **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Fimm fjórðu **23.15** Hver var Walt Whitman? **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.25 Íslenski boltinn** (e)
**16.10 Stjórnarskráin** (3:4) (e)
**16.30 Herstöðvarlíf**(20:23)(Army Wives)
**17.15 Teitur**
**17.25 Sæfarar**
**17.36 Skúli skelfir**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Fréttir**
**18.20 Veðurfréttir**
**18.30 Landsleikur í fótbolta** BEINT frá leik karlaliða Íslendinga og Svisslendinga í forkeppni HM 2014.
**20.30 360 gráður**
**20.50 Djöflaeyjan**
**21.25 Krabbinn** (7:10) (The Big C III) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Brúin** (9:10) (Broen) Lík finnst á Eyrarsundsbrúnni, miðja vegu milli Svíþjóðar og Danmerkur. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Sönnunargögn** (4:16) (Body of Proof II) (e) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**00.05 Landsleikur í fótbolta** (Ísland - Sviss) (e)
**01.00 Kappræður í Bandaríkjunum** (Obama og Romney) Kappræður Obama og Romneys, beint frá Hostra-háskólanum í Hempstead í New York. Candy Crowley, fréttamaður CBS, stýrir eins konar borgarafundi um lykilmálin í kosningabaráttunni.
**02.30 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**10.55 Shorts**
**12.25 Ramona and Beezus**
**14.10 Date Night**
**15.40 Shorts**
**17.10 Ramona and Beezus**
**18.55 Date Night**
**20.25 Year One**
**22.00 The Death and Life of Bobby Z**
**23.35 The Mechanik**
**01.10 Year One**
**02.45 The Death and Life of Bobby Z**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In The Middle** (13:22)
**08.30 Ellen** (21:170)
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (161:175)
**10.15 The Wonder Years** (22:24)
**10.40 How I Met Your Mother** (11:24)
**11.05 Suits** (6:12)
**11.50 The Mentalist** (5:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (5:24)
**13.25 So You Think You Can Dance** (10:15)
**14.45 Sjáðu**
**15.20 iCarly** (19:45)
**15.45 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** (22:170)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In the Middle** (16:22)
**19.45 Modern Family** (16:24) (19:24)
**20.30 Anger Management** (4:10)
**20.55 Chuck** (1:13) Chuck Bartowski er mættur í fimmta sinn hér í hörku skemmtilegum og hröðum spennuþáttum.
**21.40 Veep** (7:8) Julia Louis-Dreyfus (Seinfeld) er hér í hlutverki þingmanns sem ratar í starf varaforseta Bandaríkjanna.
**22.10 Weeds** (12:13)
**22.40 The Daily Show: Global Edition** (33:41)
**23.05 Up All Night** (11:24) S
**23.30 2 Broke Girls** (23:24)
**23.55 Grey's Anatomy** (2:22)
**00.40 True Blood** (11:12)
**01.30 The Listener** (10:13)
**02.15 The Lookout**
**03.50 Chuck** (1:13)
**04.35 Modern Family** (19:24)
**04.55 Anger Management** (4:10)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**18.10 Þýski handboltinn: Flensburg - Lemgo** BEINT. Arnór Atlason leikur með Flensburg.
**19.50 Meistarad. Evrópu: fréttaþáttur**
**20.20 Meistarad. Evrópu: Zenit - AC Milan**
**22.05 Greg Norman á heimaslóðum** Magnaður þáttur um einn besta kylfing allra tíma, Íslandsvininn Greg Norman. Sjónvarpsmaðurinn David Feherty heimsækir Norman á búgarð hans í Colorado og ræðir við hann um golfið, lífsstílinn og stærstu vonbrigðin á ferlinum. Áhorfendur fá skemmtilega innsýn í líf hans og áhugamálin utan golfvallarins en hann er mikill veiðimaður.
**22.50 Þýski handboltinn: Flensburg - Lemgo**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.10 Premier League Review Show 2012/13** Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**19.05 PL Classic Matches: Nottingham Forest - Man. Utd.**
**19.35 Premier League World 2012/13**
**20.05 Southampton - Man. Utd.**
**21.50 Man. City - Arsenal**
**23.35 Football League Show 2012/13** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.

## krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Samsent barnaefni frá Stöð 2.
**08.00 Dóra könnuður**
**08.25 Áfram Diego, áfram!**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.05 Stubbarnir**
**09.30 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**09.50 Lukku láki**
**10.15 Stuðboltastelpurnar**
**10.40 Histeria!**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.00 Ofurhetjusérsveitin**
**17.20 Sorry I've Got No Head**
**17.50 iCarly** (19:45)

## POPP TÍVÍ

**17.05 Simpson-fjölskyldan**
**17.25 Íslenski listinn** Brynjar Már Valdimarsson kynnir íslenska listann þar sem tuttugu vinsælustu lög vikunnar eru kynnt ásamt tveimur nýjum sem líkleg eru til vinsælda. Fastir liðir þáttarins eru Betri stofan, Spjallið, Poppskúrinn og fréttir af fræga fólkinu.
**17.50 Glee** (22:22)
**18.35 Game Tíví**
**19.00 Friends**
**19.20 Simpson-fjölskyldan** (3:22) Lísu gengur svo vel í stöðuprófi í skólanum að hún er færð upp um bekk á meðan Bart er færður niður um bekk sökum slæmrar frammistöðu. Systkinin eru því komin saman í bekk, þeim til mikillar skelfingar.
**19.45 How I Met Your Mother** (13:22) Ted nælir sér í konu í brúðkaupinu. Þau ákveða að skiptast ekki á eftirnöfnum og símanúmerum.
**20.05 The Secret Circle** (9:22) Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem flytur til smábæjar í Washington og er tekin inn í leynifélag unglinga sem búa öll yfir óvenjulegum hæfileikum.
**20.45 The Vampire Diaries** (9:22) Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem er í raun vampíra og hefur lifað í meira en 160 ár. Hann reynir að lifa í sátt og samlyndi við venjulegt fólk en bróðir hans er ekki alveg eins friðsæll.
**21.30 Game Tíví**
**21.55 The Secret Circle** (9:22)
**22.35 The Vampire Diaries** (9:22)
**23.20 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## GULL

**18.15 Doctors** (48:175)
**19.00 Ellen** (22:170)
**19.40 Logi í beinni**
**20.25 Að hætti Sigga Hall** (7:18)
**20.55 Spaugstofan**
**21.20 Ljósvakavíkingar - Stöð 2** (1:5)
**21.50 Ellen** (22:170)
**22.35 Logi í beinni**
**23.20 Að hætti Sigga Hall** (7:18)
**23.50 Spaugstofan**
**00.15 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.10 90210** (17:22) (e)
**15.55 Kitchen Nightmares** (1:17) (e)
**16.45 My Dad is Pregnant** (e)
**17.35 Rachael Ray**
**18.20 Rules of Engagement** (13:15) (e)
**18.45 30 Rock** (8:22) (e)
**19.10 America's Funniest Home Videos** (21:48) (e)
**19.35 Everybody Loves Raymond** (16:25)
**20.00 Will & Grace** (9:24)
**20.25 America's Next Top Model** (8:13) Stelpudrama gerir vart við sig á meðal fyrirsætanna og það sýður upp úr.
**21.15 GCB** (7:10) Bandarísk þáttaröð sem gerist í Texas þar sem allt er leyfilegt.
**22.00 In Plain Sight** (4:13) Spennuþáttaröð sem fjallar um hina hörkulegu Mary og störf hennar fyrir bandarísku vitnaverndina.
**22.45 Secret Diary of a Call Girl** (1:8)
**23.15 Óupplýst** (7:7) (e)
**23.45 Crash & Burn** (12:13) (e)
**00.30 Blue Bloods** (2:22) (e)
**01.15 In Plain Sight** (4:13) (e)
**02.05 Everybody Loves Raymond** (e)
**02.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.00** Frys.com Open 2012 (1:4) **11.00** Golfing World **11.50** Ryder Cup Official Film 1999 **13.25** Frys.com Open 2012 (2:4) **16.25** Presidents Cup Official Film 2009 (1:1) **17.15** Presidents Cup 2011 (1:4) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (36:45) **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **21.00** Bæjarstjórnarfundur

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |


Stillanleg heilsurúm! Fyrir þínar bestu stundir.

12 mánaða vaxtalaus lán á stillanlegum rúmum*

* 3,5% lántökugjald

TEMPUR DÝNUR OG KODDAR

TEMPUR® Orginal eða Cloud heilsudýna á C&J stillanlegum botnum. 2x80x200 cm.

**Afsláttarverð Kr. 579.875,-**

Verð 749.875,- **Þú sparar 170.000,-**

Einnig til í stærðum 2x90, 2x100, 120 og 140 cm

Charlotte & Julien

Októberhátíð

Tempur dýnur,stillanlegur botn og lappir **170.000 kr. afsláttur** 2x80x200

AÐEINS **49.900.-** afb. á mánuði í 12 mánuði





**Þráðlaus fjarstýring**



Betra BAK

**Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477 • www.betrabak.is**

# EITT ÞAÐ BESTA FRÁ Panasonic




Panasonic TXL42E5Y

**159.990**

ÁÐUR **189.990**

## ÖRÞUNNUR IPS LED HÁGÆÐA SKJÁR

Háskerpu upplausn fyrir hámarks upplifun af Blu-ray diskum, leikjatölvum eða háskerpu sjónvarpsútsendingum

**150Hz Backlight scanning**
Clear Panel myndsían fjarlægir óæskilegt ljós úr skjánum sem tryggir bjartari og meiri myndgæði. 150Hz tæknin skilar allri hreyfingu frábærlega til áhorfandans.

**VIERA Connect**
Viera Connect færir þér Internetið á stóran skjá beint heim í stofu og gerir þér kleift að njóta efnis á mörgum mismunandi formum ásamt því að halda sambandi við vini á Facebook eða Twitter og vera í sambandi gegnum Skype. Einnig er hægt að spila leiki án þess að nota tölvu.

**VrealLIVE örgjörvi**
Velkomin í veröld SmartTV með VIERA og Vreal Live. Myndvinnsluörgjörvinn er hannaður til að tryggja bæði hraða og nákvæma netvirkni ásamt bestu mögulegu myndgæðum.

**V-Audio Surround**
V-Audio Surround er fjölrása hljóðstilling sem skilar Surround hljómgæðum úr innbyggðum hátölurum tækisins.

**Media spilari**
Settu í SD minniskort úr myndavél, upptökuvél eða snjallsíma eða tengdu USB minnislykil við sjónvarpið og Media Player kemur sjálfkrafa upp til að skoða og spila allt margmiðlunarefni.

**VIERA Remote App Support**
Stjórnaðu sjónvarpinu með snjallsímanum þínum óháð því hvort tækið er byggt á Android eða Apple stýrikerfi. Viera Remote App gefur þér möguleika á að senda margmiðlunarefni úr símanum þínum yfir í VIERA sjónvarpið.

IPS LED · BRILLIANT CONTRAST · 150Hz bls Back Light Scanning · Vreal LIVE · CLEAR PANEL · social networking TV · USB x2 · HDMI x4 · FULL HD 1920X1080p
V-Audio Surround · dlna CERTIFIED · Media Player · SMART VIERA · Made for iPhone · WiFi Ready

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

Official 3D Equipment Partner
Panasonic

**DRYKKURINN**



*„Fátt þykir mér betra en gott rauðvín. Þar reyni ég að leggja áherslu á gæði frekar en magn, án þess þó að vera neinn sérfræðingur, né heldur að hafa yfirleitt efni á því.“*

Ágúst Guðmundsson leikstjóri

# Frægur Frakki í Fríkirkjunni

Frakkinn Yoann Lemoine, sem er heimsþekktur leikstjóri tónlistarmyndbanda, hefur nýlokið upptökum á einu slíku hér á landi. Það var tekið upp fyrir hans eigið tónlistarverkefni þar sem hann kemur fram undir nafninu Woodkid.

Upptökur á myndbandinu stóðu yfir í þrjá daga og fóru meðal annars fram í Fríkirkjunni í Reykjavík og við Dyrhólaey. Með aðalhlutverk fór rússneska karlfyrirsætan Matvey Lykov sem hefur starfar mikið fyrir Gucci.

Tökurnar í Fríkirkjunni fóru fram á föstudag og tóku þær sextán klukkustundir. Um þrjátíu Íslendingar voru í aukahlutverkum í myndbandinu og þótti Lemoine mjög nákvæmur við tökurnar.

Á ferilskrá hans er myndband við lagið Born To Die sem hann gerði fyrir Lönu Del Rey og lagið Take Care sem hann tók upp fyrir rapparann Drake með Rihönnu sem gestasöngvara. Fyrr á árinu var Lemoine tilnefndur til sex MTV-verðlauna fyrir þessi tvö myndbönd, bæði fyrir besta myndbandið og bestu listrænu stjórnina. Í síðarnefnda flokknum var hljómsveitin Of Monsters and Men tilnefnd fyrir myndband við lagið Little Talks.

Lemoine hefur einnig getið sér gott orð fyrir myndbönd við lögin Teenage Dream með Katy Perry og Back to December með Taylor Swift. **- fb**



**TÓK UPP Á ÍSLANDI** Frakkinn Yoann Lemoine tók upp tónlistarmyndband á Íslandi fyrir skömmu. NORDICPHOTOS/GETTY






**VIÐ HÖFNINA** Björn Kristjánsson við höfnina á Drangsnesi. Hann og kona hans, Birna Hjaltadóttir, eru einu kennararnir í þorpinu. MYND/SVAVAR PÉTUR EYSTEINSSON

**BJÖRN KRISTJÁNSSON:** HÉRNA ER ALLT RÓLEGRA OG EINFALDARA

# Eru einu kennararnir í kyrrðinni á Drangsnesi

„Hérna er allt talsvert rólegra og einfaldara,“ segir tónlistarmaðurinn Borko sem er fluttur úr Reykjavík norður á Drangsnes ásamt konu sinni Birnu Hjaltadóttur.

Þau eru allt í öllu í grunnskóla þorpsins því þau sjá um alla kennsluna í skólanum. Nemendurnir eru aðeins ellefu talsins. Birna er jafnframt skólastjóri. „Hún er ættuð héðan af svæðinu, úr Árneshreppi, og þekkir ágætlega til á Drangsnesi. Þegar við fréttum að þessi staða væri laus fannst okkur það ansi spennandi að breyta til og gera eitthvað nýtt,“ segir Borko, eða Björn Kristjánsson, um flutninginn norður á land. Þau voru áður kennarar í Norðlingaskóla en sjá ekki eftir því að hafa skipt um starfsvettvang. „Þetta er ótrúlega skemmtilegt verkefni. Það er samt heljarinnar mál að setja sig inn í námsefni allra greinanna í öllum bekkjum. Það er búið að vera stærsta verkefni haustsins.“

Aðspurður segir hann gott að semja tónlist á nýja staðnum. „Maður hefur aðeins meira rými til þess. Klukkan einhvern veginn tikkar öðruvísi. Maður hefur færri skyldum að gegna gagnvart fjölskyldunni og öðru fólki og svigrúmið verður miklu meira.“ Önnur sólóplata Borko er einmitt að koma út bæði hér á landi á vegum Kimi Records og úti í heimi hjá útgáfunni Sound of a Handshake, undirfyrirtæki hins þýska Morr Music. Síðasta plata hans, Celebrating Life, kom út fyrir fjórum árum.

Borko gerir meira en að kenna og semja tónlist á Drangsnesi því hann hefur einnig ýtt úr vör tónleikaröðinni Mölinni sem verður haldin mánaðarlega á Malarkaffi á Drangsnesi. Á fyrstu tónleikunum síðasta laugardag spiluðu Prinspóló, eða Svavar Pétur Eysteinsson, og kona hans Berglind Hässler. Þau hafa undanfarnar vikur einnig dvalist á Drangsnesi. Þar starfa þau sem gestakennarar í grunnskólanum út þessa viku og eru að búa til skólablað með krökkunum.

**freyr@frettabladid.is**

# Heimsótti heimili goðsins

Tónlistarmaðurinn Ásgeir Trausti er nýkominn heim frá borginni Seattle þar sem hann tók þátt í tónlistarviðburðinum Reykjavík Calling. Auk hans komu þar fram Apparat Organ Quartet og Sudden Weather Change, ásamt heimasveitinni The Redwood Plan.

Ásgeir Trausti notaði ferðina vel því hann fór einnig í viðtöl á útvarpsstöðinni KEXP og sjónvarpsstöðinni King 5 og tók lagið fyrir bandaríska hlustendur. Komið hefur fram að hinn sálugi Kurt Cobain úr hljómsveitinni Nirvana var í guðatölu hjá Ásgeiri Trausta þegar hann var að fikra sig áfram í tónlistinni á sínum yngri árum. Að sjálfsögðu nýtti hann tækifærið og skoðaði húsið þar sem rokkarinn bjó áður en hann lést 1994.

Fyrsta plata Ásgeirs Trausta, Dýrð í dauðaþögn, hefur rokið út síðan hún kom út fyrir rúmum mánuði. Hún hefur selst í um fimm þúsund eintökum en stutt er síðan Eiður Arnarson, útgáfustjóri Senu, spáði því í samtali við Fréttablaðið að platan færi yfir tíu þúsund eintaka múrinn fyrir jólin. Það virðist ætla að ganga eftir og rúmlega það.

Fram undan hjá Ásgeiri Trausta eru tónleikar með Snorra Helga á Græna hattinum 19. október. Í janúar heldur hann svo til Hollands þar sem hann spilar á bransahátíðinni Eurosonic. **- fb**



**ÁSGEIR TRAUSTI** Tónlistarmaðurinn Ásgeir Trausti er nýkominn heim frá Seattle. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



# CHICKEN STRIPPERS

NÝTT!

7 mildir og góðir kjúklingastrimlar úr 100% hágæða kjúklingabringum. Frábærir til að deila. Sósa að eigin vali fylgir.

**Verð: 999 kr.**



# CHICKEN KICKERS

NÝTT!

7 gómsætir bitar úr 100% hágæða kjúklingabringum. Ljúffengir og vel kryddaðir! Sósa að eigin vali fylgir.

**Verð: 999 kr.**



# STUFFED CHEESY BREAD

NÝTT!

Fylltir hálfmánar, toppaðir með osti og hvítlauks- og parmesan kryddi. Þrjár ljúffengar fyllingar í boði:

- **MOZZARELLA, SPÍNAT OG PIPAROSTUR**
- **MOZZARELLA, PEPPERONI OG PIPAROSTUR**
- **MOZZARELLA, BEIKON OG JALAPENO**

**Verð: 899 kr.**

FITON / SÍA



**FIESTA** Hvítlaukur, pepperoni, sveppir, ananas, rjómaostur og oregano

VIÐ NOTUM EINGÖNGU 100% ÍSLENSKAN OST

NAMM! Ótal bragðgóðar nýjungar

# NÝR HAUST MATSEÐILL

FULLT AF SJÓÐHEITUM OG BRAGÐGÓÐUM NÝJUNGUM

## ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S 1.000 KR.

ÞEGAR ÞÚ SÆKIR MIÐSTÆRÐ AF PIZZU MEÐ ÞREMUR ÁLEGGSTEGUNDUM

WWW.DOMINOS.IS
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP

Domino's Pizza ®



## PANTAÐU MEÐ APPI EÐA Á NETINU

Það er fljótlegt og þægilegt að panta með **Domino's appinu** og á vefnum okkar, **dominos.is**. Þannig geturðu valið, pantað, fylgst með pöntuninni á Pizzuvaktinni og fengið fréttir af tilboðum.

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

Vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Mamma kemur með Mika

Sextán manna hópur fylgir tónlistarmanninum **Mika** hingað til lands þegar hann spilar í Silfurbergi í Hörpu 18. desember. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru í hópnum bæði hljómsveitin hans og tæknimenn, auk þess sem móðir hans ætlar að vera með í för. Mika hefur verið á ferðalagi um alla Evrópu til að fylgja eftir sinni nýjustu plötu, The Origin Of Love. Þar hefur hann spilað á 1.500 til 3.000 manna stöðum og hefur verið nær uppselt á alla tónleikana. Einnig seldist upp á 52 sekúndum á þrenna tónleika sem hann ætlar að halda í Bandaríkjunum. Um 1.200 manns komast á tónleika hans í Hörpu og hefst miðasala í dag.



### Albert æfir með Arsenal

Knattspyrnumaðurinn ungi, Albert Guðmundsson, er mættur til æfinga hjá enska stórliðinu Arsenal. Albert er aðeins fimmtán ára gamall og æfir hjá KR. Hann er af miklu knattspyrnukyni í báðar ættir, en foreldrar hans eru **Guðmundur Benediktsson** og Kristbjörg Ingadóttir, og fylgdi pabbinn syninum út. Þrátt fyrir ungan aldur er þetta í annað skiptið sem Alberti er boðið til æfinga hjá Arsenal. Hann er ekki sá fyrsti í fjölskyldunni til að tengjast stórliðinu því langafi hans og nafni, Albert Guðmundsson, lék tvo deildarleiki með Arsenal haustið 1946.

– fb, – þeb



### Mest lesið Vísir

1. Risavöxnu auga skolaði upp á strönd í Flórída
2. Danskur njósnari tók þátt í aftöku eins af leiðtogum Al-Kaída
3. Lögreglan leitar að Rebekku
4. Spænskir bankar setja íbúðir á brunaútsölu
5. Sögðust hafa „fundið skilríki á víðavangi“





Gerðu gæða- og verðsamanburð




12 mánaða vaxtalausar greiðslur*

*3.5% lántökugjald

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



Heilsudýnur og heilsukoddar
Gerið samanburð - finnið muninn
Fullkomin þrýstijöfnun og stuðningur

ÝMIR, SAGA, FREYJA, ÞÓR OG ÓÐINN
Hágæða svæðisskiptar heilsudýnur



ÝMIR rúm 153x203 aðeins kr. 124.900

STILLANLEG HEILSURÚM



PROFLEX
Verð 2x90x200 frá aðeins kr. 349.900
með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu

Tilboðsverð
Valhöll heilsudýna
5 svæðaskipt gormakerfi
153x203 aðeins kr. 89.900

BOAS
rafdrifnir leðurhægindasófar og stólar



Hægindastóll aðeins kr. 119.900
Hægindasófi aðeins kr. 219.900
Lyftustóll kr. 149.900

BOAS hægindasófar og stólar
Hægindastóll aðeins kr. 89.900
Hægindasófi aðeins kr. 189.900

NÝ SENDING AF HÁGÆÐA SÆNGURVERASETTUM
BOSS HUGO BOSS home
MINE
MENDALE

ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM






Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is




Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

Umboðsaðilar:
Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum